

Notkunarleiðbeiningar og tæknilýsing




Image 3

**Sjúkrahússrúm fyrir bráðadeil-
dir**



D9U001AM0-0131

Útgáfa: 02

Útgáfudagur: 2021-08

Framleiðandi:

L I N E T spol. s r.o.
Želevčice 5
274 01 Slaný

Sími: +420 312 576 111
Fax: +420 312 522 668

Netfang: info@linet.cz
<http://www.linet.com>
Þjónustudeild: service@linetgroup.com

Image 3

Sjúkrahússrúm fyrir bráðadeildir

Höfundur: L I N E T, s.r.o.
Tenglar: www.linet.cz

D9U001AM0-0131

Útgáfa: 02
Útgáfudagur: 2021-08

Höfundarréttur © L I N E T, s.r.o., 2021
Þýðing © L I N E T, 2021

Allur réttur áskilinn. Öll vörumerki eru í eigu viðkomandi eigenda. Framleiðandinn áskilur sér rétt til að breyta efni notkunarleiðbeininganna hvað tækniforskriftir vörunnar varðar. Af þeim sökum er hugsanlegt að efni notkunarleiðbeininganna sé frábrugðið núverandi smíð vörunnar. Endurútgáfa er aðeins heimil að fengnu leyfi útgefanda, hið sama á við um útdrátt. Með fyrirvara um breytingar vegna tæknipróunar. Öll tæknigögn eru mæld gögn og eru háð vikiörkum við smíði og framleiðslu.

Efnisyfirlit

1 Tákn og skilgreiningar	4	11 Rafgeymir	41
1.1 Viðvörðunartilkynningar.....	4	11.1 Staðan „Rafgeymir er ekki í lagi“.....	42
1.1.1 Tegundir viðvörðunartilkynninga.....	4	11.2 Staðan „Rafgeymir afhlaðinn“.....	42
1.1.2 Uppsetning viðvörðunartilkynninga.....	4	11.3 Rúmið tekið úr notkun.....	42
1.2 Leiðbeiningar.....	4	11.4 Rafgeymir gerður óvirkur.....	43
1.3 Listar.....	4	12 Meðhöndlun	43
1.4 Tákn á umbúðum.....	5	12.1 Stjórnborð umönnunaraðila.....	44
1.5 Tákn og merkimiðar á rúminu.....	6	12.1.1 Stöðvunarhnappur.....	44
1.6 Merking með raðnúmeri ásamt einkvæmu kennimerki10.....	6	12.1.2 Virkjar GO-hnapp.....	45
1.7 Hljóðmerki (Image 3 með PB43-stjórneiningu).....	11	12.1.3 Aðgerðarhnappar.....	45
1.8 Hljóðmerki (Image 3 með PB21-stjórneiningu).....	11	12.1.4 Láshnappar.....	45
1.9 Sjónmerki.....	12	12.1.5 LED-ljós sem sýnir tengingu við rafmagn.....	45
1.9.1 LED-ljós sem sýnir tengingu við rafmagn (stjórnborð umönnunaraðila).....	12	12.1.6 Stöðuhnappar.....	46
1.9.2 Gaumljós rafgeymis (stjórnborð umönnunaraðila) ...	12	12.2 Fjarstýring.....	47
1.9.3 LED-ljós sem sýnir læsingu (stjórnborð umönnunaraðila).....	12	12.2.1 Venjuleg gerð.....	48
1.10 Næurljós við rúmið.....	13	12.2.2 Fjarstýring með „Plug and Play“-tengi (valbúnaður).....	48
1.11 Skilgreiningar.....	14	12.2.3 Gerð sem þolir þvott.....	48
1.12 Skammstafanir.....	15	12.3 Losun bakstoðar fyrir endurlifgun.....	50
2 Öryggisfyrirmæli	16	12.4 Hliðargrindur.....	52
3 Fyrirhuguð notkun	19	12.4.1 Útdraganlegar hliðargrindur.....	52
3.1 Notendahópur.....	19	12.4.2 Fellanlegar hliðargrindur (3/4 hliðargrindur).....	54
3.2 Frábendingar.....	19	12.5 Vélræn framlenging rúms.....	56
3.3 Stjórnandi.....	19	12.5.1 Stilling á framlengingu rúms.....	56
4 Röng notkun	19	12.6 Framlenging fyrir kálfa (aukabúnaður).....	58
5 Vörulýsing	20	12.6.1 Stilling á framlengingu fyrir kálfa.....	58
5.1 Image 3 með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum.....	20	12.7 Hjólastýring og flutningur rúms.....	59
5.2 Image 3 með niðurfellanlegar hliðargrindur (3/4 hliðargrindur).....	21	12.7.1 Rúm með stjórnstöngum fyrir hjól.....	59
6 Tæknilýsing	22	13 Búnaður	60
6.1 Upplýsingar um nýttahluti (af gerð B).....	22	13.1 Grindur aukabúnaðar.....	60
6.2 Tæknilýsingar vélbúnaðar (venjuleg gerð).....	22	13.2 DIN-grind (valbúnaður).....	60
6.3 Tæknilýsingar vélbúnaðar (gerð sem þolir þvott).....	23	13.3 Grænt ljós (valbúnaður).....	60
6.4 Umhverfisskilyrði (venjuleg gerð og gerð sem þolir þvott).....	23	13.4 Fimmta hjólið.....	60
6.5 Tæknilýsing rafkerfis (venjuleg gerð og gerð sem þolir þvott).....	24	13.5 Hemlahljóðmerki (merki um að hemill hafi ekki verið settur á rúmið).....	60
6.6 Rafsegulsviðssamhæfi.....	24	13.6 USB-tengi (valbúnaður).....	61
6.6.1 Leiðbeiningar framleiðanda - rafsegulgeislun.....	25	13.7 Línihilla.....	62
6.6.2 Leiðbeiningar framleiðanda - rafsegulnæmi.....	25	14 Dýna	62
7 Notkunar- og geymsluskilyrði	26	15 Aukabúnaður	63
8 Afhending og gerðir rúma	27	15.1 Lyftistöng.....	64
8.1 Afhending.....	27	15.2 Innrennslistangir.....	65
8.2 Útgáfur rúms.....	27	15.3 Aukakrókar fyrir aukabúnað.....	66
8.2.1 Venjuleg gerð: Image 3 – 1AM.....	27	15.4 Festing fyrir súrefniskút.....	66
8.2.2 Gerð sem þolir þvott: Image 3 – 1AMW.....	28	15.5 Festing fyrir slöngur og nálar.....	67
9 Tekið í notkun	29	15.6 Festing fyrir þvagslösku.....	67
9.1 Virkjun rafgeymis.....	30	15.7 Festing fyrir Redon-drenflöskur.....	67
9.1.1 Staðsetning rafgeymis.....	30	15.8 Hækkun á hliðargrind – Extender®.....	68
9.1.2 Einangrunarþynnna fjarlægð.....	30	15.9 Image 3-rúm með Protector®-byltuvarnarbúnaði.....	69
9.1.3 Einangrunarþynnna.....	30	15.10 SafeSense.....	70
9.2 Höfðagafli og fóttagafi.....	31	16 Þrif/sóttþreinsun	71
9.2.1 Fótaendi rúms sem hægt er að þvo.....	31	16.1 Öryggisleiðbeiningar fyrir þrif og sóttþreinsun á rúmi.....	72
9.2.2 Höfðagafli og fóttagafi úr áli.....	32	16.2 Almennar leiðbeiningar fyrir þrif og sóttþreinsun.....	72
9.2.3 Höfða- og fóttagafi úr plasti (Clean&Clear hönnun).....	33	16.2.1 Dagleg þrif.....	72
9.2.4 Höfða- og fóttagafi úr plasti (hönnun fyrir Eleganza 1 og Eleganza 3).....	35	16.2.2 Þrif milli sjúklinga.....	72
9.2.5 Dufthúðaður höfða- og fóttagafi.....	36	16.2.3 Heildarþrif / þrif fyrir fyrstu notkun.....	72
9.3 Stoðgrind dýnu.....	38	16.2.4 Vökvi sem hellist niður þurrkaður upp.....	72
9.4 Spennujöfnun.....	39	16.2.5 Skemmdir á svampdýnu.....	72
9.5 Fyrir notkun.....	40	16.3 Aðferðir við þrif og sóttþreinsun.....	73
9.6 Flutningur.....	40	16.4 Vélarþvottur.....	73
9.7 Fastbúnaður.....	40	16.4.1 Undirbúningur fyrir þrif.....	74
10 Rafmagnssnúra (rafmagnskapall)	41	16.4.2 Vélarþvottur.....	75
		16.4.3 Eftir vélarþvott.....	75
		16.4.4 Image 3-rúm sem þolir þvott með SafeSense.....	75
		17 Úrræðaleit	79
		18 Viðhald	80
		18.1 Reglulegt viðhald.....	80
		18.2 Varahlutir.....	80
		18.3 Tæknilegar öryggisprófanir.....	80
		18.4 Rúm sem eru hönnuð fyrir vélarþvott.....	81

18.4.1 Ráðlagðir smurstaðir	81
19 Förgun	83
19.1 Umhverfisvernd	83
19.2 Förgun	83
19.2.1 Innan Evrópu	83
19.2.2 Utan Evrópu	83
20 Ábyrgð	84
21 Staðlar og reglugerðir	84

1 Tákn og skilgreiningar

1.1 Viðvörðunartilkygningar

1.1.1 Tegundir viðvörðunartilkygninga

Viðvörðunartilkygningar eru aðgreindar eftir tegund hættu og eftirfarandi lykilorðum:

- ▶ **VARÚÐ** varar við hættu á eignatjóni.
- ▶ **VIÐVÖRUN** varar við hættu á meiðslum.
- ▶ **HÆTTA** varar við hættu á meiðslum sem dregið geta til dauða.

1.1.2 Uppsetning viðvörðunartilkygninga



VIÐVÖRUNARORÐ!
Tegund og uppruni hættu!
▶ Varúðarráðstafanir.

1.2 Leiðbeiningar

Uppsetning leiðbeininga:





- ▶ Framkvæmið þetta skref.
Niðurstaða, ef þörf krefur.

1.3 Listar












Uppsetning áhersluatriða:












- 1. stigs listi
 - 2. stigs listi
 - 3. stigs listi











1.4 Tákni á umbúðum


	<p>VIÐKVÆMT, MEÐHÖNDLIÐ MEÐ GÁT</p>
	<p>ÞESSI HLIÐ UPP</p>
	<p>HALDIÐ ÞURRU (HLÍFIÐ VIÐ RAKA)</p>
	<p>ENDURVINNSLUTÁKN FYRIR PAPPÍR</p>
	<p>EKKI NOTA TRILLU HÉR</p>
	<p>EKKI STAFLA UPP VIÐ GEYMSLU</p>

1.5 Tákni og merkimiðar á rúminu

	LESID NOTKUNARLEIÐBEININGARNAR
	VIÐVÖRUN
	HITAVÖRN SPENNUBREYTIS
	EINGÖNGU TIL NOTKUNAR INNHÚSS
	VARNIR GEGN SLYSUM AF VÖLDUM RAFSTRAUMS - NYTJAHLOTIR AF GERÐ B
	ÖRYGGI EINANGRUNARSPENNIS, ALMENNAR UPPLÝSINGAR
	EVROPSKT SAMRÆMISMERKI
	LEIÐARATENGI FYRIR SPENNUJÖFNUN
	ÖRUGG HÁMARKSPYNGD
	VIÐVÖRUN VEGNA HÆTTU Á AÐ KREMFAST EÐA FESTAST
	HÁMARKSPYNGD SJÚKLINGS

	<p>NOTIÐ DÝNU SEM FRAMLEIÐANDI MÆLIR MEÐ</p>
	<p>ÞYNGD RÚMS</p>
	<p>EKKI MÁ SETJA HLUTI HÉR</p>
	<p>RÚM (ÚTFÆRSLA SEM MÁ ÞVO) ER HANNAÐ FYRIR HREINSUN Í AFMENGUNAR-TÆKJUM, SEM STANDAST KRÖFURNAR Í STAÐLI AK:BWA 2009 (MERKIÐ ER SETT Á KROSSSLÁNA VIÐ FÓTAENDA RÚMSINS)</p>
	<p>MERKING SJÚKRARÚMA FYRIR FULLORÐNA</p>
	<p>EAC-MERKING (EVRÓPSK-ASÍSKT SAMRÆMISMERKI)</p>
	<p>MÁ EKKI OPNA!</p>
	<p>ENDURVINNSLUTÁKN</p>
	<p>WEEE-tákn (ENDURVINNIÐ SEM RAFEINDABÚNAÐARÚRGANG, FARGIÐ EKKI MEÐ HEIMLISSORPI)</p>
	<p>LÆKNINGATÆKI (SAMRÝMIST REGLUGERÐ UM LÆKNINGATÆKI)</p>
	<p>MENGIÐ EKKI UMhverfið</p>


	<p>ÖRYGGISMERKING – RÚM VOTTAD Í TÜV SÜD</p>
	<p>FRAMLEIÐANDI</p>
	<p>FRAMLEIÐSLUDAGUR</p>
	<p>TILVÍSUNARNÚMER (VÖRUTEGUND FER EFTIR UPPSETNINGU)</p>
	<p>RAÐNÚMER</p>
	<p>VIRKJUNARHNAPPUR (ÝTIÐ TIL AÐ VIRKJA STJÓRNBÚNAÐ)</p>
	<p>STÖÐVUNARHNAPPUR (ÝTIÐ TIL AÐ STÖÐVA STILLINGU RÚMS)</p>
	<p>HÖFÐAGAFL ÓLÆSTUR EDA FÓTAGAFL ÓLÆSTUR (HÖFÐA- OG FÓTAGAFL ÚR PLASTI, DUFTHÚÐAÐUR HÖFÐA- OG FÓTAGAFL)</p>
	<p>LÆSTUR HÖFÐA- EDA FÓTAGAFL (DUFTHÚÐAÐUR HÖFÐA- OG FÓTAGAFL, DUFTHÚÐAÐUR HÖFÐA- OG FÓTAGAFL)</p>
	<p>EINKVÆMT AUÐKENNI TÆKIS (FYRIR LÆKNINGATÆKI)</p>




EKKI SETJA LYFTISTÖNGINA INN HÉR!

1.6 Merking með raðnúmeri ásamt einkvæmu kennimerki

Myndir af raðnúmeramerkingum hér að neðan eru aðeins ætlaðar til að skýra merki og reiti á raðnúmeramerkingum.



Mynd Merking með raðnúmeri ásamt einkvæmu kennimerki (Image 3, venjulegt - 1AM0)



Mynd Merking með raðnúmeri ásamt einkvæmu kennimerki (Image 3, má þvo - 1AMW)

1	Heimilisfang framleiðanda
2	Framleiðsludagsetning (ár-mánuður-dagur)
3	DI (auðkenni tækis) / GTIN (alþjóðlegt vörunúmer)
4	Einvítt strikamerki GS1-128 (raðnúmer)
5	Tákn
6	Skilgreiningarnúmer
7	Tæknilysing rafkerfis
8	Raðnúmer
9	PI (vörukenni)
10	Tvívítt strikamerki (GS1 DataMatrix) DI+PI=UDI

1.7 Hljóðmerki (Image 3 með PB43-stjórneiningu)

HLJÓÐ	MERKING
SAMFELLT HLJÓÐMERKI	ofhitnun
	yfirstraumur á rafgeymi
	yfirálag á rafhreyfi
ENDURTEKIÐ HLJÓÐMERKI: 0,6 sek. hljóð / 2,6 sek. þögn	STÖÐVUNARVILLA (allir stöðvunarhnappar eru óvirkir)
ENDURTEKIÐ HLJÓÐMERKI: 0,1 sek. hljóðmerki / 3 sek. þögn	skipting vegna villu í vafningi spennubreytis (Brasilía)
HLJÓÐMERKI varir í 0,3 sek.	staðfesting
	stöðvun eða læst aðgerð
	valkvætt: hreyfing úr halla (Trendelenburg-legu, öfugri Trendelenburg-legu) yfir í lárétta stöðu
HLJÓÐMERKI varir í 0,5 sek.	lækkað í lægstu stöðu
	upphaf eða lok viðhaldsstillingar
	lyklaborðsvilla (staðsetning hindruð)
HLJÓÐMERKI varir í 3 sek.	kerfisvilla
ENDURTEKIÐ HLJÓÐMERKI í þrjár mínútur: 1,1 sek. hljóð/1,1 sek. þögn	Hemlahljóðmerki (aðeins gerðir með hemlahljóðmerki)

1.8 Hljóðmerki (Image 3 með PB21-stjórneiningu)


HLJÓÐ	MERKING
SAMFELLT HLJÓÐMERKI	ofhitnun
	yfirstraumur á rafgeymi
	yfirálag á rafhreyfi
ENDURTEKIÐ HLJÓÐMERKI: 0,6 sek. hljóð / 2,6 sek. þögn	STÖÐVUNARVILLA (allir stöðvunarhnappar eru óvirkir)
HLJÓÐMERKI varir í 0,3 sek.	læst staða
HLJÓÐMERKI HEYRIST ÞRISVAR SINNUM í 0,3 sek.	hreyfing rúms er knúin afli frá rafgeymi
HLJÓÐMERKI varir í 0,5 sek.	lyklaborðsvilla (staðsetning hindruð)
	lækkað í lægstu stöðu
	upphaf viðhaldsstillingar
HLJÓÐMERKI varir í 3 sek.	kerfisvilla

1.9 Sjónmerki

1.9.1 LED-ljós sem sýnir tengingu við rafmagn (stjórnborð umönnunaraðila)

LED-LJÓS SEM SÝNIR TENGINGU VIÐ RAFMAGN	MERKING
	
logar	tengt við rafveitu
blikkar: logar í 0,6 sek./slökkt í 0,6 sek.	lyklaborðsvilla (blikkar öfugt til að læsa LED-ljósi)
	villa (fyrsta bilun)
blikkar: logar í 0,1 sek./slökkt í 0,1 sek.	viðhaldsstilling
lýsir ekki	úr sambandi við rafmagn
	villa við skipti spennubreytis

1.9.2 Gaumljós rafgeymis (stjórnborð umönnunaraðila)

GAUMLJÓS RAFGEYMIS	MERKING
	
logar	rafgeymir aftengdur eða bilaður
blikkar: logar í 1,6 sek./slökkt í 0,2 sek.	rafgeymir er næstum tómur
blikkar: logar í 0,1 sek./slökkt í 0,1 sek.	rafgeymir er tómur
blikkar: logar í 0,2 sek./slökkt í 1,6 sek.	rafgeymir hleður
lýsir ekki	rafgeymir er hlaðinn

1.9.3 LED-ljós sem sýnir læsingu (stjórnborð umönnunaraðila)

 LED-ljós sem sýnir læsingu	SJÓN-MERKI	blikkar:			lýsir ekki
	logar	logar í 0,6 sek./slökkt í 0,6 sek.			
LED-ljós fyrir læsingu á stuðningi undir lærum	læst	læsingarvilla	lyklaborðsvilla	hreyfing hindruð	ekki læst
LED-ljós sem sýnir læsingu bakstoðar	læst	læsingarvilla	lyklaborðsvilla	hreyfing hindruð	ekki læst
LED-ljós sem sýnir læsingu á hæðarstillingu rúms, hliðarhalla, Trendelenburg-legu og öfugri Trendelenburg-legu	læst	læsingarvilla	lyklaborðsvilla	hreyfing hindruð	ekki læst
LED-ljós sem sýnir læsingu fótrofa	læst	læsingarvilla	lyklaborðsvilla	hreyfing hindruð	ekki læst

1.10 Næturljós við rúmið

Hægt er að útbúa Image 3-rúmið með lýsingu á undirvagni. Næturljósið lýsir sjúklingnum eða starfsfólki sjúkrahússins við litla birtu eða þegar slökkt er í herberginu. Eftir að kveikt hefur verið á rúminu er minnkað birtustig sett upp.

Rúmið er með þriggja þrepa lýsingu:

1. Hæsta birtustig
2. Minnkað birtustig
3. Slökkt er á lýsingu

Eftir að kveikt hefur verið á rúminu er minnkað birtustig sett upp.

Þegar ýtt er á virkjunarhnappinn:

- ▶ Fjarstýringin og ljósin við rúmið lýsa með hæsta birtustigi.

Þegar virkjunartímabili er lokið:

- ▶ Dregið er úr birtustigi á fjarstýringu.

7 mínútum eftir að virkjunartímabili lýkur:

- ▶ Dregið er úr birtustigi ljósanna við rúmið.

Ef ýtt er á hvaða hnapp sem er utan virkjunartímabils (stjórnborð umönnunaraðila, fjarstýring):

- ▶ Ljósin við rúmið lýsa með hæsta birtustigi í 10 mínútur og að því loknu er dregið úr birtustigi.
- ▶ Á sama tíma lýsir fjarstýringin með hæsta birtustigi í 7 sekúndur. Að því loknu er dregið úr birtustigi.

Slökkt á allri lýsingu:

- ▶ Ýtið á stjórnhnappinn fyrir ljósin við rúmið á stjórnborði umönnunaraðila og öll ljós (fjarstýring og ljósin við rúmið) verða slökkt. Þessari aðgerð er ekki hnekkð þegar ýtt er á virkjunarhnappinn.

1.11 Skilgreiningar

Grunnstilling á rúmi	samsetning samkvæmt verðlista, án dýnu
Þyngd rúms	Gildið fer eftir uppsetningu vörunnar, aukabúnaðar eða breytingum af hálfu viðskiptavinar.
Fríhæð undirvagns	hæð frá gólfi að lægsta punkti undirvagnsins á milli hjólanna, til meðferðar á aukabúnaði undir rúmi í venjulegri stöðu þegar hemillinn er á
Vinnuferli	vinnuferli mótorsins: tímabil virkni/tímabil hvíldar
Ergoframe	Ergoframe er hreyfifræðilegt kerfi til að stilla stoðgrind dýnunnar, en kerfið kemur í veg fyrir að þrýstingur myndist á kvið- og mjaðmagrindarsvæði sjúklingsins og dregur úr núningi á bak og fótleggi sjúklingsins.
Hámarksþyngd sjúklings	Hámarksþyngd sjúklings fer eftir notkunarumhverfi samkvæmt IEC 60601-2-52. Fyrir notkunarumhverfi 1 (gjörgæsludeild) og 2 (bráðadeild) skal minnka örugga hámarksþyngd um 65 kg. Fyrir notkunarumhverfi 3 (langtímaumönnun) og 5 (göngudeild) skal minnka örugga hámarksþyngd um 35 kg.
Örugg hámarksþyngd	mesta leyfilega álag á rúmið (sjúklingur, dýna, aukabúnaður og þyngd sem hvílir á slíkum aukabúnaði)
Hæð hliðargrindar	hæð efri þverslárinnar eða brúna hliðargrindanna (ekki hæsti punkturinn á stjórnþúnaði hliðargrindar) frá legustað sjúklingsins
Venjuleg staða rúms	<ul style="list-style-type: none"> ■ Hæð leguflatar sjúklings miðað við gólf er 400 mm ■ Stoðgrind dýnunnar, þ.m.t. stakir íhlutir hennar, verður að vera í láréttri stöðu (0°). ■ Hliðargrindurnar eru alltaf læstar í efri stöðunni. ■ Innbyggð framlenging er í grunnstöðu.
Fullorðinn	Sjúklingur sem er 146 cm á hæð eða hærri, 40 kg eða þyngri og með líkamspýngdarstuðul (BMI) sem er 17 eða hærri (samkvæmt IEC 60601-2-52).

1.12 Skammstafanir

AC (~)	Riðstraumur
ACP	Stjórnborð umönnunaraðila
CE	Evrópsk samræmismörking
CPR	Endurlífgun
dBA	Hljóðstyrkseining
DC (---)	Jafnstraumur
CUC	Skilgreiningarnúmer
EMC	Rafsegulsviðssamhæfi
FET	Sviðshrifatransistor
HF	Há tíðni
HPL	Efni sem límt hefur verið saman undir miklum þrýstingi
HW	Vélbúnaður
ICU	Gjörgæsludeild
INT.	Vinnuferli
IP	Vörn gegn innferð
IV	Í bláæð
LED	Ljósdióður
ME	Rafmagnsbúnaður til lækninga
ON (kveikt)	Kveikt
OFF (slökkt)	Gert óvirkt
ppm	milljónarhluti, milljónasti hluti (1000 ppm = 0,1%)
REF	Tilvísunarnúmer (vöruhegund fer eftir uppsetningu)
SCU	Stjórneining (virk dýna)
SN	Raðnúmer
SW	Hugbúnaður
SWL	Örugg hámarksþyngd
UDI	Einkvæmt auðkenni tækis (fyrir lækningatæki)
USB	USB-tengibraut
WEEE	Förgun rafmagns- og rafeindabúnaðar

2 Öryggisfyrirmæli

**VIÐVÖRUN!**

Image 3-rúmið skal vera í lægstu stöðu þegar sjúklingurinn er eftirlitslaus, til að draga úr hættu á meiðslum vegna falls!

**VIÐVÖRUN!**

Hliðargrindurnar á Image 3-rúminu skulu vera uppi til að draga úr hættunni á því að sjúklingurinn renni til eða rúlli af dýnunni fyrir slysi!

**VIÐVÖRUN!**

Ósamhæfar hliðargrindur og dýnur geta valdið hættu á að lenda í sjálfheldu!

**VIÐVÖRUN!**

Röng meðhöndlun á rafmagnssnúru, t.d. með því að snúa upp á hana, klippa eða skemma á annan hátt, getur valdið hættu!

**VIÐVÖRUN!**

Þegar snúrur eru lagðar frá öðrum búnaði í Image 3-rúminu skal forðast að troða þeim á milli íhluta Image 3-rúmsins!

**VIÐVÖRUN!**

Ekki skal nota Image 3-rúmið ásamt lyftum eða lyftibúnaði!

**VIÐVÖRUN!**

Image 3-rúmið er ætlað fullorðnum.

- Fylgið leiðbeiningunum í kaflanum „Fyrirhuguð notkun“.

**VIÐVÖRUN!**

Hætta getur skapast ef notaðar eru ósamhæfar dýnur!

**VIÐVÖRUN!**

Til að forðast hættu á raflosti má aðeins tengja þennan búnað við aflagjafa með jarðtengingu.

**VIÐVÖRUN!**

Ekki er leyfilegt að breyta þessum búnaði á nokkurn hátt!

**VIÐVÖRUN!**

Ekki má breyta þessum búnaði án leyfis framleiðanda.

**VIÐVÖRUN!**

Ef breytingar eru gerðar á búnaðinum verður að framkvæma viðeigandi skoðun og prófanir til að tryggja áframhaldandi örugga notkun búnaðarins.

**HÆTTA!**

Hætta á meiðslum eða dauða vegna notkunar á röngum búnaði!

- Ávallt skal framkvæma áskilið áhættumat við val á hentugum búnaði.



VIÐVÖRUN!
Ekki má tengja aukafjöltengi eða framlengingarsnúru við lækningarafkerfið.



VIÐVÖRUN!
Við tilteknað skoðanir eða meðferðir gæti verið töluverð hættu á gagnkvæmri truflun milli rafmagnslækningatækja.



VIÐVÖRUN!
Tilkynna skal öll alvarleg atvik sem upp koma í tengslum við notkun búnaðarins til framleiðanda og lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem notandi og/eða sjúklingur er staðsettur!



VIÐVÖRUN!
Aðeins starfsfólk með tilskilda þjálfun og leyfi má skipta um öryggi og aflgjafa!



VIÐVÖRUN!
Lækningatækið er ekki ætlað til notkunar í súrefnisauðguðu umhverfi!



VIÐVÖRUN!
Lækningatækið er ekki ætlað til notkunar með eldfimum efnum!



VIÐVÖRUN!
Þetta lækningatæki er ekki færlegt rafmagnslækningatæki!



VIÐVÖRUN!
Gætið þess að ekki sé farið yfir mörk vinnuferlis (KVEIKT í 2 mín./SLÖKKT í 18 mín.) þegar rúmið er stillt!



VIÐVÖRUN!
Starfsfólki sjúkrahúss er aðeins heimilt að nota vigtunarkerfið (vog) til að vigta sjúklinga ef það hefur fengið þjálfun í samræmi við notkunarleiðbeiningarnar!



VIÐVÖRUN!
Sjúklingi er eingöngu heimilt að nota valinn stjórnþúnað ef starfsfólk telur að líkamlegt og andlegt ástand sjúklings leyfi, og aðeins eftir að starfsfólk hefur leiðbeint sjúklingi um rétta notkun í samræmi við notkunarleiðbeiningar!

- ▶ Nauðsynlegt er að lesa notkunarleiðbeiningar áður en rúmið er notað.
- ▶ Fylgið leiðbeiningunum vandlega.
- ▶ Notið rúmið aðeins í upprunalegu ástandi.
- ▶ Athugið virkni rúmsins daglega eða við hver vaktaskipti.
- ▶ Notið rúmið eingöngu þegar það er tengt við rétt rafveitukerfi.
- ▶ Gætið þess að eingöngu hæft starfsfólk sem hefur hlotið þjálfun samkvæmt notkunarleiðbeiningunum stjórnari rúminu.
- ▶ Gætið þess að sjúklingurinn fái upplýsingar um hvernig rúmið er notað og viðeigandi leiðbeiningar varðandi öryggi, svo framarlega sem ástand hans leyfir.
- ▶ Gætið þess að rúminu sé aðeins komið fyrir og það flutt á hörðu og sléttu gólfi.
- ▶ Skiptið um skemmda hluti samstundis með upprunalegum varahlutum.
- ▶ Gætið þess að viðhald og uppsetning sé einungis í höndum hæfs starfsfólks sem hefur fengið þjálfun hjá framleiðanda.
- ▶ Gætið þess að þyngd eða álag fari ekki yfir örugga hámarksþyngd.
- ▶ Gætið þess að aðeins einn fullorðinn sjúklingur noti rúmið í senn.
- ▶ Forðist meiðsli og gætið þess að kremjast ekki við notkun hreyfanlegra hluta.
- ▶ Við notkun á lyftistöngum eða innrennslisstöngum skal gæta þess að engar skemmdir verði á búnaði þegar rúmið er fært til eða þegar það er stillt.
- ▶ Gætið þess að læsa hjólunum þegar ekki er verið að færa rúmið til, óháð því hvort sjúklingur er í rúminu eða ekki.
- ▶ Gætið þess að stoðgrind dýnnar sé ávallt í lægstu stöðu þegar ekki er verið að sinna sjúklingnum, til að koma í veg fyrir að sjúklingurinn falli úr rúminu eða verði fyrir meiðslum.
- ▶ Gætið þess að aðeins heilbrigðisstarfsfólk hreyfi til hliðargrindurnar.
- ▶ Aldrei skal nota rúmið á svæðum þar sem sprengihætta er fyrir hendi.
- ▶ Notið stjórnborð umönnunaraðila til að gera aðgerðir á fjarstýringunni virkar og óvirkar eins og við á, með hliðsjón af líkamlegu og andlegu ástandi sjúklingsins. Gangið úr skugga um að viðkomandi aðgerð sé óvirk, ef við á.
- ▶ Snertið aldrei rafmagnsklóna með blautum höndum.
- ▶ Togið ávallt í rafmagnsklóna þegar taka á snúrana úr sambandi.
- ▶ Komið rafmagnssnúrunni þannig fyrir að engar lykkjur séu á henni eða snúið sé upp á hana, verjið snúrana fyrir sliti.
- ▶ Röng meðferð á rafmagnssnúru getur skapað hættu á raflosti eða öðrum alvarlegum meiðslum, eða skemmdum á rúminu.
- ▶ Gætið þess að ekki sé farið yfir tilgreinda notkunarlofta (virkur tími) (sjá INT. á merkimiða vöru).
- ▶ Gætið þess að engar hindranir séu í vegi fyrir hreyfanlegum hlutum rúmsins.
- ▶ Notið eingöngu upprunalegan aukabúnað og dýnur frá framleiðanda til að koma í veg fyrir bilanir.
- ▶ Gætið þess að ekki sé farið yfir örugga hámarksþyngd.
- ▶ Stillið hæð rúmsins a.m.k. 20 cm fyrir neðan hámarkshæð við flutning til að auðvelt sé að komast framhjá hugsanlegum hindrunum.
- ▶ Farið ekki yfir örugga hámarksþyngd á framlengingu stoðgrindar dýnu, sem er 75 kg.
- ▶ Ef breytingar eru gerðar á rúminu eða í hlutum þess skal það einungis gert með samþykki frá framleiðanda.
- ▶ Ef ekki er farið eftir leiðbeiningum í þessari handbók er hættu á meiðslum eða eignatjóni.
- ▶ Þegar rúmið er stillt eða hliðargrindur settar niður skal gæta þess að engin hættu sé á að sjúklingur klemmist eða meiðist á annan hátt (t.d. milli hliðargrinda og stoðgrindar dýnu, milli hreyfanlegra hluta o.s.frv.).
- ▶ Lokið línhillunni áður en öflug Trendelenburg-lega eða sitjandi hjartastaða er notuð.
- ▶ Ekki má setja aukabúnað (t.d. aukahluti, innrennslislöngur, rafmagnssnúrun) á hliðargrindur og hreyfanlega hluti eða milli þeirra. Eða milli stoðgrindar dýnnar og undirvagns rúmsins.
- ▶ Gætið að slyshættu þegar hliðargrindur eru settar niður.
- ▶ Gætið að slyshættu þegar hliðargrindur eru settar niður.
- ▶ Ef sjúklingur er óáttaður skal einungis nota tvískiptar hliðargrindur úr plasti eða tvískiptar útdraganlegar hliðargrindur, eða bæta byltuvarnarsbelti við einfaldar fellanlegar hliðargrindur.
- ▶ Áður en stillt er á lægstu stöðu skal ganga úr skugga um að engin hættu sé á að hlutar rúmsins rekist í aukabúnað eða líkamshluta.
- ▶ Gætið þess að ekki sé hættu á að skemma snúrurnar sem liggja úr stjórnborði umönnunaraðila eða fjarstýringu þegar stjórnborð/fjarstýring er á hliðargrindum, höfðagafli eða fóttagafli.
- ▶ Ekki skal setja festingu fyrir súrefniskút beint undir stoðgrind dýnu, því þá er hættu á að högg komi á festinguna.
- ▶ Setjið stoðgrind dýnnar alltaf í lægstu stöðu og staka hluti stoðgrindar dýnnar í lárétta stöðu ef nauðsynlegt er að skilja sjúklinginn eftir í rúminu án eftirlits starfsfólks og ef líkamlegt og andlegt ástand hans kann að benda til aukinnar hættu á að hann detti úr rúminu eða lendi í sjálfheldu.
- ▶ Starfsfólk skal athuga og læsa öllum stillingum rúmsins í samræmi við líkamlegt og andlegt ástand sjúklings, þá sérstaklega ef hann er skilinn eftir án eftirlits starfsfólks (jafnvel í stutta stund) sjúkrahússins.
- ▶ Ekki má hreyfa rafdrifna hluta rúmsins (t.d. bakstoðina) handvirkt. Að öðrum kosti er hættu á að rafhreyfir bakstoðar skemmist, eða bakstoðin falli niður fyrirvaralaust.

3 Fyrirhuguð notkun

Fyrirhuguð notkun er við sjúkrahúsvist á bráðadeildum og langlegudeildum, sem felur einkum í sér alla eftirfarandi þætti:

- ▶ Stilling á tilteknum stöðum í forvarnarskyni, fyrir venjubundna hjúkrun, meðferð, hreyfingu, sjúkrapjálfun, skoðunarstaða, staða fyrir svefn og hvíld. Þessum stöðum, ásamt mögulegum meðferðarniðurstöðum þeirra og ávinningi, er lýst frekar í klínísku mati á búnaðinum.
- ▶ Tryggið sjúklingnum öruggt umhverfi meðan aðgerðir standa yfir. Klíníska matið felur í sér sérstakar kröfur um öryggi sjúklings, þar með talið mat á hlutfalli ávinnings/áhættu. Fjallað er um viðkomandi öryggismál í áhættustjórnunarskýrslunni.
- ▶ Sjúklingur fluttur í rúmi úr herbergi sjúklings milli svæða innanhúss.
- ▶ Að sjá umönnunaraðilum fyrir viðeigandi vinnuskilyrðum til að framkvæma venjubundin og sértæk verk meðan á sjúkrahúsvist sjúklingsins stendur.

3.1 Notendahópur

- ▶ Fullorðnir sjúklingar (þyngd ≥ 40 kg, hæð ≥ 146 cm, líkamsþyngdarstuðull ≥ 17) á bráða- og langlegudeildum (notkunarumhverfi 2 og 3 samkvæmt IEC 60601-2-52)
- ▶ Umönnunaraðilar (hjúkrunarfræðingar, læknar, tæknimenn, starfsfólk sem sinnir flutningum, starfsfólk sem sér um þrif)

3.2 Frábendingar

- ▶ Lækningatækið er ekki ætlað til notkunar hjá börnum.
- ▶ Tilteknar stöður henta ekki fyrir sértækar greiningar/sjúkdómsástand (t.d. mænuskaði og Fowler-lega, sjúklingar með verulega aukinn þrýsting innan höfuðkúpu og Trendelenburg-lega). Mat starfsfólks með sérfræðiþekkingu/hjúkrunarmat þarf að fara fram við öll stök tilvik frábendinga.

3.3 Stjórnandi

- ▶ Umönnunaraðili
- ▶ Sjúklingur (sjúklingur getur notað tilteknar aðgerðir með hliðsjón af stöðumati umönnunaraðila á hverjum sjúklingi fyrir sig)

4 Röng notkun

Image 3-rúmið hentar ekki fyrir:


- Sjúklinga
 - sem uppfylla ekki skilyrðin í kaflanum „Fyrirhuguð notkun“
- Notkun
 - aðra en þá sem lýst er í notkunarleiðbeiningunum

ATHUGIÐ Hafið samband við LINET® til að fá frekari upplýsingar varðandi aðra notkun en þá sem tilgreind er í kaflanum „Fyrirhuguð notkun“ hér á undan. LINET® leggur mikið upp úr rannsóknum, hönnun og gæðum, og því eru vörur frá LINET® ávallt hágæðavörur sem henta til þeirrar notkunar sem fyrirhuguð er. Samt sem áður tekur LINET® enga ábyrgð á skemmdum á vörunni eða meiðslum hjá sjúklingum, starfsfólki eða öðrum einstaklingum sem hljóttast af eftirfarandi:

- ▶ Ekki er farið eftir leiðbeiningum í handbókinni, þar með talið viðvörunartilkyningum.
- ▶ Varan er notuð í tilgangi öðrum en þeim sem hún er ætluð fyrir, eins og lýst er í viðeigandi fylgiskjöllum frá LINET® (sjá „Fyrirhuguð notkun“).

5 Vörulýsing

5.1 Image 3 með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum




Mynd Image 3 með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum

- | | | | |
|-----|--|-----|--|
| 1. | Höfðagafli úr áli | 11. | Línhilla |
| 2. | Millistykki fyrir lyftistöng eða innrennslistöng | 12. | Handfang fyrir framlengingu rúms |
| 3. | Dýnufesting | 13. | Losunarbúnaður hliðargrindar |
| 4. | Bakstoð | 14. | Stöng fyrir endurlifgunarstillingu (losun bakstoðar) |
| 5. | Útdraganleg hliðargrind | 15. | Hjól |
| 6. | Stuðningur undir læri | 16. | Stöng fyrir miðlægt hjólastýrikerfi |
| 7. | Stuðningur undir kálfum | 17. | Fjarlægjanlegur plasthluti af stoðgrind dýnu |
| 8. | Fótagafl úr áli | | |
| 9. | Læsing fótagafls | | |
| 10. | Högghlíf á horni | | |

ATHUGIÐ Öryggisins vegna og til hægðarauka mælir LINET® með því að tveir tæknimenn hjálpi að við að gera rúmið tilbúið til notkunar.

5.2 Image 3 með niðurfellanlegar hliðargrindur (3/4 hliðargrindur)



Mynd Image 3 með niðurfellanlegar hliðargrindur (3/4 hliðargrindur)

- | | | | |
|-----|---|-----|--|
| 1. | Höfðagafli úr plasti | 11. | Högghlíf á horni |
| 2. | Millistykki fyrir lyftistöng eða innrennslisstöng | 12. | Losunarbúnaður hliðargrindar |
| 3. | Dýnufesting | 13. | Stöng fyrir endurlifgunarstillingu (losun bakstoðar) |
| 4. | Bakstoð | 14. | Hjól |
| 5. | Fellanleg hliðargrind | 15. | Stöng fyrir miðlægt hjólastýrikerfi |
| 6. | Stuðningur undir læri | 16. | Fjarlægjanlegur plasthluti af stoðgrind dýnu |
| 7. | Stuðningur undir kálfum | | |
| 8. | Fótagafli úr plasti | | |
| 9. | Læsing fótagafls | | |
| 10. | Línhilla | | |

ATHUGIÐ Öryggisins vegna og til hægðarauka mælir LINET® með því að tveir tæknimenn hjálpi að við að gera rúmið tilbúið til notkunar.

6 Tæknilýsing

6.1 Upplýsingar um nytjahluti (af gerð B)

Allir íhlutir rúmsins (og aukabúnaður) sem sjúklingur nær til eru nytjahlutir af gerð B.

- ▶ Stjórnborð umönnunaraðila
- ▶ Fjarstýring
- ▶ Hliðargrindur
- ▶ Höfðagafi og fótagafi
- ▶ Stoðgrind dýnu

6.2 Tæknilýsingar vélbúnaðar (venjuleg gerð)

Breyta	Gildi
Mál (lengd x breidd) Gerð 1 (BD01) Gerð 2 (BD00)	221 cm x 99,8 cm 221 cm x 104 cm
Hæð hliðargrindar fyrir ofan stoðgrind dýnnar með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum (gerð 1) með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum (gerð 2) með fellanlegum hliðargrindum	6,5 cm (LÁGM.), 40 cm (HÁM.) 8,5 cm (LÁGM.), 42 cm (HÁM.) 4,7 cm (LÁGM.), 39 cm (HÁM.)
Lengd hliðargrindar tvískiptar útdraganlegar hliðargrindur fellanlegar hliðargrindur	98,5 cm 146,5 cm
Hámarkshæð dýnu með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum (gerð 1) með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum (gerð 2) með fellanlegum hliðargrindum	18 cm 20 cm 17 cm
Mál dýnu	200 cm x 86 cm (90 cm - eftir stillingu)
Framlenging rúms	0 cm / 10 cm / 22 cm / 30,5 cm
Hæðarstilling á stoðgrind dýnu	28 cm – 80 cm (85 cm - eftir stillingu)
Mesti halli bakstoðar	70°
Mesti halli stuðnings undir læri	34°
Ergoframe®	10 cm / 6 cm
Mesti halli Trendelenburg-legu/öfugrar Trendelenburg-legu	14° / 14°
Þyngd rúms	160 kg (eftir stillingu)
Hámarksþyngd á lyftistöng	75 kg
Örugg hámarksþyngd (með dýnu og aukabúnaði)	265 kg
Hámarksþyngd sjúklings Notkunarumhverfi 1, 2 Notkunarumhverfi 3, 5	200 kg 230 kg

6.3 Tæknilýsingar vélbúnaðar (gerð sem þolir þvott)

Breyta	Gildi
Mál (lengd x breidd) Gerð 1 (BD01) Gerð 2 (BD00)	221 cm x 99,8 cm 221 cm x 104 cm
Hæð hliðargrindar fyrir ofan stoðgrind dýnnar með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum (gerð 1) með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum (gerð 2) með fellanlegum hliðargrindum	6,5 cm (LÁGM.), 40 cm (HÁM.) 8,5 cm (LÁGM.), 42 cm (HÁM.) 4,7 cm (LÁGM.), 39 cm (HÁM.)
Lengd hliðargrindar tvískiptar útdraganlegar hliðargrindur fellanlegar hliðargrindur	98,5 cm 146,5 cm
Hámarkshæð dýnu með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum (gerð 1) með tvískiptum útdraganlegum hliðargrindum (gerð 2) með fellanlegum hliðargrindum	18 cm 20 cm 17 cm
Mál dýnu	200 cm x 86 cm (90 cm - eftir stillingu)
Framlenging rúms	0 cm / 10 cm / 22 cm / 30,5 cm
Hæðarstilling á stoðgrind dýnu	28 cm – 80 cm (85 cm - eftir stillingu)
Mesti halli bakstoðar	70°
Mesti halli stuðnings undir læri	34°
Ergoframe®	10 cm / 6 cm
Mesti halli Trendelenburg-legu/öfugrar Trendelenburg-legu	14° / 14°
Þyngd rúms	160 kg (eftir stillingu)
Hámarksþyngd á lyftistöng	75 kg
Örugg hámarksþyngd (með dýnu og aukabúnaði)	265 kg
Hámarksþyngd sjúklings Notkunarumhverfi 1, 2 Notkunarumhverfi 3, 5	200 kg 230 kg

6.4 Umhverfisskilyrði (venjuleg gerð og gerð sem þolir þvott)

Umhverfisskilyrði – notkun	
Umhverfishiti	10 °C – 40 °C
Rakastig	30% – 75%
Loftþrýstingur	795 hPa – 1060 hPa
Umhverfisskilyrði – geymsla og flutningur	
Umhverfishiti	-20°C – +50°C
Rakastig	20% – 90% (án rakapéttingar)
Loftþrýstingur	795 hPa – 1060 hPa

6.5 Tæknilýsing rafkerfis (venjuleg gerð og gerð sem þolir þvott)



HÆTTA!

Lífshætta vegna raflosts!

- ▶ Gætið þess að hæft starfsfólk sjái um allt viðhald og viðgerðir á rafhlutum ef rúmið er tengt við rafmagn.

Breyta	Gildi
Inntaksspenna	
Útgáfa 1	230 V~, 50/60 Hz
Útgáfa 2	100 V~, 50/60 Hz
Útgáfa 3	110 V~, 50/60 Hz
Útgáfa 4	120 V~, 50/60 Hz
Útgáfa 5	127 V~, 50/60 Hz
Útgáfa 6	110 - 127 V~, 50/60 Hz or 230 V~, 50/60 Hz
Hámarksafllinntak	hám. 370 VA
Vörn gegn innferð fyrir 1AM (venjuleg gerð)	IPX4
Vörn gegn innferð fyrir 1AMW (gerð sem þolir þvott)	IPX6
Öryggisflokkur	Flokkur I (með nytjahlutum af gerð B)
Vinnuferli	hám. kveikt í 2 mínútur, slökkt í 18 mínútur
Rafgeymir	Pb AKU 2 x 12 V / 1,2 Ah / Bræðivar 15A
Öryggi	2x T1.6A L 250 V fyrir 230 V útgáfu 2x T3.15A L 250 V fyrir 100–127 V útgáfu

ATHUGIÐ Samkvæmt beiðni getur LINET® afhent sjúkrarúm með rafkerfi sem uppfyllir staðla á hverju svæði fyrir sig (með sérstilltri spennu, ólíkum gerðum af rafmagnsklóm).

6.6 Rafsegulviðssamhæfi

Rúmið er ætlað sjúkrahúsum, að undanskildum stöðum sem eru nálægt virkum hátíðniskurðlækningabúnaði og herbergjum með lækningabúnaði fyrir segulómun sem varin eru gegn fjarskiptabylgjum, þar sem miklar rafsegultruflanir eru til staðar.

Rúmið hefur ekkert áskilið nothæfi.



VIÐVÖRUN!

Forðast skal notkun þessa tækis nálægt eða í stæðu með öðrum tækjum, þar sem það truflað virkni þess. Ef ekki er hægt að komast hjá slíkri notkun skal fylgjast með tækinu og öðrum búnaði til að tryggja rétta virkni.

Listi yfir snúrur sem notaðar eru:

1. Rafmagnssnúra, að hámarki 6 m á lengd
2. Stjórnborð umönnunaraðila, að hámarki 3 m á lengd
3. Fjarstýring, að hámarki 3 m á lengd



VIÐVÖRUN!

Notkun aukahluta, spennubreyta og annarra snúra, annað en það sem framleiðandi þessa rúms hefur tilgreint og útvegað, gæti leitt til aukinnar rafsegulgeislunar eða minnkað rafsegulónæmi rúmsins og valdið því að rúmið virki ekki sem skyldi.



VIÐVÖRUN!

Færanlegan fjarskiptabúnað (þar á meðal búnað eins og loftnetssnúrur og ytri loftnet) ætti ekki að nota í minna en 30 cm (12 to.) fjarlægð frá sérhverjum hluta Image 3-rúmsins, þar með taldar snúrur sem framleiðandi tilgreinir. Að öðrum kosti kunna afköst rúmsins að skerðast.



VIÐVÖRUN!

EKKI MÁ Hafa of mikla þyngd á rúminu (SWL), hafið vinnuferli (INT.) í huga og takið tillit til leiðbeininga í kafla 18 (Viðhald) til að unnt sé að tryggja grunnöryggi hvað varðar rafsegultruflanir allan tímann sem rúmið er í notkun.

6.6.1 Leiðbeiningar framleiðanda - rafsegulgeislun

Útgeislunarpróf	Samhæfi
Útgeislun fjarskiptatíðni CISPR 11	Hópur 1
Útgeislun fjarskiptatíðni CISPR 11	Flokkur A
Útgeislun yfirsveiflu IEC 61000-3-2	Flokkur A
Spennusveifla/útgeislun flökts IEC 61000-3-3	Samræmist

ATHUGIÐ: Útgeislunareiginleikar þessa búnaðar gera hann hentugan til notkunar á iðnaðarsvæðum og sjúkrahúsum (CISPR 11, A-flokkur). Ef hann er notaður í íbúðarhverfi (þar sem venjulega er krafist CISPR 11 B-flokks) gæti verið að búnaðurinn veiti ekki fullnægjandi vernd gegn fjarskiptaþjónustu. Notandinn gæti þurft að grípa til mildunaraðgerða, svo sem að færa búnaðinn til eða láta hann vísa í aðra átt.

6.6.2 Leiðbeiningar framleiðanda - rafsegulnæmi

Ónæmisprófanir	Samræmisstig
Rafstöðuafhleðsla (ESD) IEC 61000-4-2	±8 kV fyrir tengilosun ±15 kV fyrir tengilosun
Geisluð fjarskiptatíðni IEC 61000-4-3	3 V/m 80 MHz – 2,7 GHz 80% AM við 1 kHz
Fjarlægð frá samskiptabúnaði sem sendir frá sér þráðlausar útværþbylgjur IEC 61000-4-3	Sjá töflu 1.
Svipulir rafstraumar og högg IEC 61000-4-4	± 2 kV fyrir rafmagnssnúru endurtekningartíðni 100 kHz
Spennuhnykkur IEC 61000-4-5	±1 kV lína-í-línu ±2 kV lína-í-jörð
Fjarskiptatíðni með leiðingu IEC 61000-4-6	3 V (0,15 MHz – 80 MHz) 6 V innan ISM-tíðnibila á bilinu 0,15 MHz til 80 MHz 80% AM við 1 kHz
Segulsvið raforkutíðni (50/60 Hz) IEC 61000-4-8	30 A/m
Spennufall, rafmagnsleysi í stutta stund í rafveitukerfi IEC 61000-4-11	0% UT; 0,5 lotur Við 0°, 45°, 90°, 135°, 180°, 225°, 270° 315° 0% UT; 1 lota og 70% UT; 25/30 lotur Einfasi: við 0° 0% UT; 250/300 lotur

Tafla 1 - FJARLÆGÐ frá samskiptabúnaði sem sendir frá sér þráðlausar útvarpsbylgjur

Prófunartíðni (MHz)	Tíðnibil (MHz)	Þjónusta	Mótun	Ónæmisprófunarstig V/m
385	380 - 390	TETRA 400	Púlsmótun 18 Hz	27
450	430 - 470	GMRS 460, FRS 460	FM ± 5 kHz frávik 1 kHz sínus	28
710 745 780	704 - 787	LTE-tíðnibil 13, 17	Púlsmótun 217 Hz	9
810 870 930	800 - 960	GSM 800/900, TETRA 800, iDEN 820, CDMA 850, LTE-tíðnibil 5	Púlsmótun 18 Hz	28
+1 720 +1 845 +1 970	1 700 - 1 990	GSM 1800; CDMA 1900; GSM 1900; DECT; LTE tíðnibil 1, 3, 4, 25; UMTS	Púlsmótun 217 Hz	28
+2 450	2 400 - 2 570	Bluetooth, WLAN, 802.11 b/g/n, RFID 2450, LTE-tíðnibil 7	Púlsmótun 217 Hz	28
+5 240 +5 500 +5 785	5 100 - 5 800	WLAN 802,11 a/n	Púlsmótun 217 Hz	9

ATHUGIÐ Engin frávik eru til staðar frá kröfum IEC 60601-1-2, útg. 4

ATHUGIÐ Ekki er vitað um aðrar ráðstafanir til að viðhalda öryggi miðað við rafsegulviðssamhæfi.

ATHUGIÐ Rúm búin samskiptaeiningu uppfylla staðal IEEE 802.11 b/g/n (2400,0 MHz – 2483,5 MHz, mótun DSSS (IEEE 802.11 b), OFDM (IEEE 802.11 g/n) 20 MHz bandvidd, EIRP = 0,34 W).

7 Notkunar- og geymsluskilyrði

Ekki má nota og geyma rúmið á svæðum innanhúss þar sem:

- Hætta er á sprengingu.
 - Eldfim svæfingalyf eru til staðar.
- Rúmið er ætlað til notkunar á sjúkrastofum. Því þarf raflagnabúnaður að uppfylla staðbundnar kröfur sem liggja til grundvallar raflögnum.
- Takið rúmið úr sambandi við rafmagn við sérstakar aðstæður (t.d. í þrumuveðri, við jarðskjálfta).

8 Afhending og gerðir rúma

8.1 Afhending

Afhending:

- Við móttöku skal ganga úr skugga um að sendingin sé rétt og hafi verið afhent að fullu eins og tilgreint er á afhendingarseðli.
- Látið flutningafyrirtækið og birgja umsvifalaust vita um alla galla eða skemmdir, bæði munnlega og skriflega, eða skrifið athugasemdir á afhendingarseðlinn.
- Rúmið er afhent með rafgeymi sem hefur ekki verið virkjaður. Upplýsingar um virkjun rafgeymis má finna í kaflanum „Vir-kjun rafgeymis“.

8.2 Útgáfur rúms

8.2.1 Venjuleg gerð: Image 3 – 1AM

Eiginleikar – Image 3, gerð 1AM (sjá gerðarnúmer á vörumerkingu):

- Stoðgrind dýnu
 - Stoðgrind dýnu samanstendur af plasthlutum sem hægt er að fjarlægja
- Hliðargrindur
 - Án hliðargrinda
 - Tvískiptar útdraganlegar hliðargrindur
 - Einfaldar fellanlegar hliðargrindur, dufthúðaðar
- Höfðagafi og fótagafi
 - Höfðagafi/fótagafi úr áli með áföstum lituðum HPL-plötum
 - Höfða- og fótagafi úr plasti, Clean&Clear hönnun
 - Höfða- og fótagafi úr plasti, hönnun fyrir Eleganza 1 og Eleganza 3
 - Höfða- og fótagafi, létt hönnun - dufthúðað rör með HPL
 - Höfða- og fótagafi sem hægt er að taka af, hönnun A+ hótélútlit með HPL-plötum
- Hjól
 - 125 mm „Tente Linea“-hjól með miðlægu hemlakerfi
 - 150 mm „Tente Linea“-hjól með miðlægu hemlakerfi
 - 150 mm „Tente Linea“-hjól með fimmta hjóli
 - 150 mm „Tente Integral“-hjól
 - 150 mm „Tente Integral“-hjól með fimmta hjóli
- Stjórnbúnaður
 - Stjórnborð umönnunaraðila
 - Fjarstýring með upplýstu lyklaborði
 - Fjarstýring sem er ekki með upplýstu lyklaborði
- Annað
 - Línhilla
 - Lóðréttar högghlífar
 - Eitt par af almennum festingum fyrir aukabúnað
 - Eitt par af festingum fyrir þvagpoka
 - neyðarlosun bakstoðar fyrir endurlífgun
 - Festingar fyrir Segufix-öryggisbúnað
- Litir
 - Dufthúðaðir málmhlutar, RAL 9006 (ljósgrár) + RAL 7043 (dökkgrár)
 - Dufthúðaðir málmhlutar, RAL 9002 (hvítur)
 - Dufthúðaðir málmhlutar, RAL 9006 (ljósgrátt)

8.2.2 Gerð sem þolir þvott: Image 3 – 1AMW

Eiginleikar – Image 3, gerð 1AMW (sjá gerðarnúmer á vörumerkingu):

- Stoðgrind dýnu
 - Stoðgrind dýnu samanstendur af plasthlutum sem hægt er að fjarlægja
- Hliðargrindur
 - Tvískiptar útdraganlegar hliðargrindur
 - Einfaldar fellanlegar hliðargrindur, dufthúðaðar
- Höfðagafl og fótagafl
 - Höfða-/fótagafl úr áli með áföstum lituðum HPL-plötum, ryðfrí slá á höfða-/fótagafl.
 - Höfða- og fótagafl úr plasti, Clean&Clear hönnun
 - Höfða- og fótagafl úr plasti, hönnun fyrir Eleganza 1 og Eleganza 3
 - Höfða- og fótagafl sem hægt er að taka af, hönnun A+ hótélútlit með HPL-plötum
- Hjól
 - 125 mm „Tente Linea“-hjól með miðlægu hemlakerfi
 - 150 mm „Tente Linea“-hjól með miðlægu hemlakerfi
 - 150 mm „Tente Linea“-hjól með fimmta hjóli
 - 150 mm „Tente Integral“-hjól
 - 150 mm „Tente Integral“-hjól með fimmta hjóli
- Stjórnbúnaður
 - Stjórnborð umönnunaraðila
 - Fjarstýring með upplýstu lyklaborði
 - Fjarstýring sem er ekki með upplýstu lyklaborði
- Annað
 - Línhilla
 - Lóðréttar högghlífar
 - Eitt par af almennum festingum fyrir aukabúnað
 - Eitt par af festingum fyrir þvaggoka
 - neyðarlosun bakstoðar fyrir endurlífgun
 - Festingar fyrir Segufix-öryggisbúnað
- Litir
 - Málmhlutar húðaðir með rafdrætti, RAL 9006 (ljósgrár) + RAL 7043 (dökkgrár)
 - Málmhlutar húðaðir með rafdrætti, RAL 9002 (hvítur)

9 Tekið í notkun



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar unnið er við rúmið!

- ▶ Gætið þess að rúmið sé ekki í sambandi við rafmagn áður en það er tekið í notkun, þegar það er tekið úr notkun og við viðhaldsvinnu.
- ▶ Gætið þess að hjólin séu læst áður en rúmið er tekið í notkun, þegar það er tekið úr notkun og við viðhaldsvinnu.



VARÚÐ!

Hugsanlegt eignatjón ef tekið í notkun með röngum hætti!


- ▶ Gætið þess að loftdýnukerfið sé eingöngu tekið í notkun af þjónustudeild framleiðanda eða þjálfuðu starfsfólki sjúkrahússins.

Setjið upp rúmið á eftirfarandi hátt:

- ▶ Takið rúmið úr umbúðunum.
- ▶ Farið yfir sendinguna (frekari upplýsingar er að finna í köflum um sendingu og gerðir rúma).
- ▶ Fjarlægjið einangrunarþynnuna úr stjórneiningu (sjá „VirkJun rafgeymis“).
- ▶ Komið búnaði og aukabúnaði fyrir.
- ▶ Komið höfðagaflinum og fótagaflinum fyrir á sínum stað ef rúmið er afhent með ósamsettan höfðagafl eða fótagafl (sjá „Höfðagafl og fótagafl“).
- ▶ Komið rúminu eingöngu fyrir á viðeigandi gólfleti (sjá „Flutningur“).
- ▶ Gætið þess að rekast ekki í rafmagnssnúruna eða teygja á henni þegar rúmið er stillt. Athugið hvort klóin er rétt tengd.
- ▶ Ekki skilja eftir lausar framlengingarsnúrur eða fjöltengi á gólfinu.
- ▶ Gætið þess að allur nauðsynlegur vélrænn og rafknúinn öryggisbúnaður sé til staðar.
- ▶ Engin rafmagnsrofi er á rúminu, þ.e. rafmagnssnúran er eina leiðin til að taka rúmið úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Gætið þess að rafmagnssnúran sé alltaf aðgengileg.
- ▶ Fáíð vottaðan og þjálfaðan þjónustuaðila sem er samþykktur af framleiðanda til að skipta um kló á rafmagnssnúrunni ef þess er þörf.


9.1 Virkjun rafgeymis

9.1.1 Staðsetning rafgeymis




Mynd Staðsetning einangrunarþynnu

9.1.2 Einangrunarþynnan fjarlægð



9.1.3 Einangrunarþynna

Athugið hvort einangrunarþynnan er heil og óskemmd eins og sýnt er:



Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda án tafar ef einangrunarþynnan er skemmd.

ATHUGIÐ: Hornin á einangrunarþynnunni eru hvöss. Viðhafið gát þegar þynnan er fjarlægð til að forðast meiðsli.

9.2 Höfðagafi og fótagafi



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum við uppsetningu höfðagafis og fótagafis!

- ▶ Þegar höfðagafi og fótagafi eru settir upp í hornfestingarnar skal halda um handföngin ofan á hornunum með báðum höndum.
- ▶ Setjið höfðagafi og fótagafi upp fyrir fyrstu notkun.



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum ef höfðagafi og fótagafi eru settir upp með röngum hætti!

- ▶ Gætið þess að höfðagafi og fótagafi séu rétt upp settir, sérstaklega þegar rúmið er flutt til.
- ▶ Gætið þess að læsingar á höfðagafi og fótagafi séu öruggar, sérstaklega þegar rúmið er flutt til.



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar höfðagafi og fótagafi eru fjarlægðir!

- ▶ Áður en höfðagafi eða fótagafi eru fjarlægðir skal gæta þess að höfðagafinn og fótagafinn rekist ekki í aukabúnað eða snúrur.
- ▶ Ef sjúklingur liggur í rúminu án þess að höfðagafi og/eða fótagafi séu til staðar skal ávallt hafa eftirlit með rúminu.




VIÐVÖRUN!

Efnislegar skemmdir vegna of mikils álags!

- ▶ Gætið þess að ekki sé setið á höfðagafi og fótagafi.

ATHUGIÐ: Höfðagafi og fótagafi eru hugsanlega til í nokkrum litaafbrigðum.

9.2.1 Fótaendi rúms sem hægt er að þvo



Mynd Merki sem táknar Image 3 rúm sem hægt er að þvo á krossslánni við fótaendann

9.2.2 Höfðagafi og fótagafi úr áli




Image 3 úm sem hægt er að nota með höfða- og fótagafi úr áli er útbúið með tveimur höfðagafslásum og tveimur fótagafslásum.

Meðhöndlun með höfða- og fótagafi


Gerð eftirfarandi til að setja inn höfðagafinn eða fótagafinn:

- ▶ Opnið öryggislásana við hornfestingarnar.
- ▶ Rennið höfða- eða fótagafinum í raufarnar á hornfestingunum.
- ▶ Læsið öryggislásunum við hornfestingarnar.

Gerð eftirfarandi til að taka höfðagafinn eða fótagafinn af:


- ▶ Opnið öryggislásana við hornfestingarnar
- ▶ Togið höfða- eða fótagafinn upp.

Mynd Staðsetning læsinga á höfðagafi (höfðagafi úr áli)




Mynd Lásar við fótaenda rúmsins (með fótagafinn fjarlægðan)

1. Lás læstur
2. Lás opinn



Mynd Höfðagafl rétt settur í (séð að ofan)



Mynd Höfðagafl rangt settur í (séð að ofan)

9.2.3 Höfða- og fótagafl úr plasti (Clean&Clear hönnun)




Image 3 úm sem hægt er að nota með höfða- og fótagafl í plasti (Clean&Clear hönnun) er útbúið með tveimur höfðagaflslásum og tveimur fótagaflslásum.

Meðhöndlun með höfða- og fótagafl


Gerðu eftirfarandi til að setja inn höfðagaflinn eða fótagaflinn:

- ▶ Opnið öryggislásana við hornfestingarnar
- ▶ Rennið höfða- eða fótagaflinum í raufarnar á hornfestingunum og látið lituðu plöturnar snúa út.
- ▶ Læsið öryggislásunum við hornfestingarnar.

Gerðu eftirfarandi til að taka höfðagaflinn eða fótagaflinn af:


- ▶ Opnið öryggislásana við hornfestingarnar.
- ▶ Togið höfða- eða fótagaflinn upp.

Mynd Staðsetningar á fótagaflslásum (fótagafl úr plasti - Clean&Clear hönnun)




Mynd Lásar við fótaenda rúmsins (með fótagaflinn fjarlægðan)

1. Lás læstur
2. Lás opinn



Mynd Fótagafl úr plasti rétt settur í (séð að ofan)



Mynd Fótagafl úr plasti rangt settur í (séð að ofan)

9.2.4 Höfða- og fótagafl úr plasti (hönnun fyrir Eleganza 1 og Eleganza 3)




Image 3 úm sem hægt er að nota með höfða- og fótagafl úr plasti (hönnun fyrir Eleganza 1 og Eleganza 3) er útbúið með tveimur höfðagafslásum og tveimur fótagaflslásum.

Mynd Staðsetningar fótagaflslása (fótagafl úr plasti - hönnun fyrir Eleganza 1 og Eleganza 3)


Meðhöndlun með höfða- og fótagafl

Gerð eftirfarandi til að setja inn höfðagaflinn eða fótagaflinn:

- ▶ Opnið öryggislásana við hornfestingarnar (**grænn lás** - opinn, **rauður lás** - læstur).
- ▶ Rennið höfða- eða fótagaflinum í raufarnar á hornfestingunum.
- ▶ Læsið öryggislásunum við hornfestingarnar.


Gerð eftirfarandi til að taka höfðagaflinn eða fótagaflinn af:

- ▶ Opnið öryggislásana við hornfestingarnar
- ▶ Togið höfða- eða fótagaflinn upp.




Mynd Lásar við fótaenda rúmsins (með fótagaflinn settan í)

1. Lás læstur
2. Lás opinn



Mynd Höfðagafl rétt settur í (séð að ofan)

9.2.5 Dufthúðaður höfða- og fótagafl



Mynd Staðsetning læsinga á höfðagafl (dufthúðaður höfðagafl)

Image 3 úm sem hægt er að nota með höfða- og fótagafl úr plasti (hönnun fyrir Eleganza 1 og Eleganza 3) er útbúið með tveimur höfðagaflslásum og tveimur fótagaflslásum.


Meðhöndlun með höfða- og fótagafl

Gerð eftirfarandi til að setja inn höfðagaflinn eða fótagaflinn:

- ▶ Opnið öryggislásana við hornfestingarnar (**grænn lás** - opinn, **rauður lás** - læstur).
- ▶ Rennið höfða- eða fótagaflinum í raufarnar á hornfestingunum.
- ▶ Læsið öryggislásunum við hornfestingarnar.


Gerð eftirfarandi til að taka höfðagaflinn eða fótagaflinn af:

- ▶ Opnið öryggislásana við hornfestingarnar
- ▶ Togið höfða- eða fótagaflinn upp.




Mynd Lásar við fótaenda rúmsins (með fótagaflinn settan í)

1. Lás læstur
2. Lás opinn




Mynd Höfðagafi rétt settur í (séð að framan)



Mynd Höfðagafi rangt settur í (séð að framan)

9.3 Stoðgrind dýnu

Image 3-rúmið er búið fjórskiptri stoðgrind fyrir dýnu sem samanstendur af bakstoð, sætishluta, stuðningi undir lærum og stuðningi undir kálfum. Stoðgrind dýnunnar er með 8 plasthluta sem hægt er að fjarlægja af stoðgrindinni (1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 og 8).





Mynd Fjórskipt stoðgrind fyrir dýnu

Plasthlutar stoðgrindar dýnunnar eru fjarlægðir/komið fyrir á eftirfarandi hátt:

- ▶ Togið út viðkomandi plasthluta stoðgrindar dýnunnar.
- ▶ Komið plasthlutum stoðgrindar dýnunnar fyrir eins og sýnt er af stöðu myndarinnar af einstaklingi á plastlutunum.
- ▶ Þegar viðkomandi plasthluti er kominn á réttan stað heyrir „smellur“.
- ▶ Gætið þess að plasthlutar stoðgrindar dýnunnar séu rétt settir upp, þetta má athuga með því að reyna að toga viðkomandi plasthluta svolítið upp.

9.4 Spennujöfnun

Rúmið er með hefðbundið varnartengi. Þetta tengi er notað til spennujöfnunar á milli rúmsins og sérhvers ífarandi tækis í blóðrás eða hjarta sjúklingsins, til að verja sjúklinginn gegn raflosti frá stöðurafmagni.



Mynd Spennujöfnunartengi - kventengi

Mynd Spennujöfnunartengi - kartengi

Nota skal spennujöfnunartengið ef:

- Sjúklingurinn er tengdur við ífarandi tæki í blóðrás eða hjarta, af hvaða toga sem er.

Áður en sjúklingurinn er tengdur við ífarandi tæki í blóðrás eða hjarta skal gera eftirfarandi:

- ▶ Tengjið jarðtengingarsnúru tækisins við spennujöfnunartengið á rúminu sem sjúklingurinn liggur í.
- ▶ Notið venjulegt tengi fyrir sjúkrahús.
- ▶ Gangið úr skugga um að tengin passi saman.
- ▶ Gangið úr skugga um að engin hætta sé á aftengingu fyrir slysi.

Áður en rúmið er fært skal gera eftirfarandi:

- ▶ Takið ífarandi tæki í blóðrás eða hjarta úr sambandi við sjúklinginn.
- ▶ Takið spennujöfnunartengið úr sambandi.

9.5 Fyrir notkun



VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir vegna hitabreytinga!

- ▶ Þegar mikill munur er á hitastigi milli þess staðar þar sem rúmið er staðsett og þar sem það verður notað. (eftir flutning/geymslu) skal láta rúmið standa ótengt við rafmagn í 24 klukkustundir til að hitastig nái jafnvægi.

Undirbúið rúmið fyrir notkun á eftirfarandi hátt:

- ▶ Fargið öllum umbúðum (sjá kaflann um förgun).
- ▶ Setjið rúmið í samband við rafmagn.
- ▶ Hlaðið rafgeyminn.
- ▶ Hækkið stoðgrind dýnnunnar í hæstu stöðu.
- ▶ Fjarlægjið einangrunarþynnuna af stjórnhlutanum.
- ▶ Lækkið stoðgrind dýnnunnar í lægstu stöðu og hallið henni í mesta halla.
- ▶ Athugið hvort hjólin og aðalhemilinn virki sem skyldi.
- ▶ Athugið hvort framlenging rúmsins virkar sem skyldi.
- ▶ Athugið hvort hægt er að fjarlægja höfðagaflinn og fótagaflinn.
- ▶ Athugið allar aðgerðir á stjórnbúnaðinum (stjórnborð umönnunaraðila o.s.frv.).
- ▶ Athugið hvort hliðargrindurnar virka sem skyldi.

9.6 Flutningur

Hafið eftirfarandi í huga til að tryggja öruggan flutning:

- ▶ Gætið þess að aka ekki yfir neinar snúrur þegar rúmið er fært til.
- ▶ Gætið þess að rafmagnssnúran sé hengd á krók (við höfðagafl rúmsins).
- ▶ Gætið þess að hjólin séu ólæst áður en rúmið er hreyft til þegar sjúklingi er komið fyrir í rúmi/hann tekinn úr rúmi (sjá „Hjólastýring og flutningur rúms“).
- ▶ Gætið þess að hliðargrindur séu uppi og þær læstar þegar rúmið er flutt til með sjúklingi.
- ▶ Aðeins skal hreyfa rúmið á hentugum gólfleti.

Hentugt yfirborð:

- Flísar
- Harður línóleumdúkur
- Hart gólfefni

Yfirborð sem hentar ekki:

- Gólfefni sem er mjúkt, ekki einangrað eða gallað
- Gólfefni úr mjúkum viði
- Mjúk og gljúp steingólf
- Teppalögð gólfteppi með undirlagi
- Mjúkur línóleumdúkur
 - Þegar eknar eru lengri vegalengdir skal gæta þess að stjórnbúnaður hjóla (aðalstjórnbúnaður) sé virkur.
 - Gætið þess að taka hemlana af áður en rúmið er fært til.

9.7 Fastbúnaður

Rúmið inniheldur fastbúnað sem eingöngu vottaðir tæknimenn mega uppfæra.

Þessi fastbúnaður er varinn gegn óheimilum aðgangi með hlíf (nota þarf verkfæri til að opna hana), innsigli (ihlutir með örgjörva eru innsiglaðir), er eingöngu samrýmanlegur við vottað hugbúnaðartól og háður því að samhæfi nýja fastbúnaðarins og rúmsins sé kannað.

10 Rafmagnssnúra (rafmagnskapall)



VARÚÐ!

Hreyfingar rúmsins stöðvast ekki þegar rúmið er tekið úr sambandi við rafmagn!

- ▶ Stöðvið rúmið áður en rúmið er tekið úr sambandi við rafmagn.

Tengiklói er ætluð til að setja rúmið í samband við rafmagn og taka það úr sambandi við rafmagn. Hengja verður rafmagnssnúru (rafmagnskapall) á krók við höfðagöfl rúmsins við flutning.

Þar sem vafi leikur á heilleika ytri varnarleiðara í raflögn eða á uppsetningu hennar

- ▶ skal aðeins stjórna rúminu með innri rafgeyminum.

11 Rafgeymir



VARÚÐ!

Hætta á skertum endingartíma rafgeymis ef varan er notuð með röngum hætti!

- ▶ Eingöngu skal nota afl frá rafgeymi í neyðartilvikum (t.d. við rafmagnsleysi, þegar ástand sjúklings krefst þess við flutninga, o.s.frv.)
- ▶ Þegar rúmið er sett aftur í samband við rafmagn skal hlaða rafgeyminn að fullu (sjá línurit yfir hleðslustöðu rafgeymis).



VARÚÐ!

Hætta á að rafgeymir skemmist eða eyðileggist!

- ▶ Ef rafgeymirinn er ekki í lagi er hætt á að loft fari úr honum. Í sjaldgæfum tilvikum kann það að valda afmyndun á hlífðarhúsi rafgeymisins, hlíf stjórnborðs eða snúrum.
- ▶ Ef slíkt gerist skal umsvifalaust hætta notkun rúmsins (sjá „Rúmið tekið úr notkun“).
- ▶ Hafðu tafarlaust samband við þjónustudeild framleiðanda.

Mælt er með eftirfarandi til að tryggja endingartíma blýblandaðra rafgeyma við geymslu:

1. Að koma í veg fyrir mikla afhleðslu rafgeyma og að viðhalda að minnsta kosti hlutahleðslu á rafgeymum með því að hlaða þá reglulega
2. Að geyma rafgeyma á þurrum stað við hitastig á milli 10 °C og 40 °C
3. Að koma í veg fyrir að rafgeymar standi í sólarljósi

Endingartími rafgeymisins getur náð allt að fimm árum ef hann er notaður við bestu skilyrði.

Afköst hans geta dregist verulega saman ef eftirfarandi er til staðar:

- ▶ of hár umhverfishiti
- ▶ margar hleðslu-/afhleðslulotur rafgeymis
- ▶ endurtekin mikil afhleðsla
- ▶ rúmið fær oft einungis afl frá rafgeymi

Rafgeymirinn sem fylgir rúminu er óhlaðinn við afhendingu. Rafgeymirinn er til vara ef rafmagnslaust verður eða þegar flytja þarf sjúklinga.

- ▶ Notið eingöngu rafgeymi sem er samþykktur til notkunar af framleiðanda.
- ▶ Framleiðandinn veitir sex mánaða ábyrgð á allri virkni rafgeymisins.
- ▶ Athugið virkni rafgeymisins a.m.k. einu sinni í mánuði í samræmi við notkunar- og þjónustuhandbækur og látið skipta um rafgeymi ef þörf er á.
- ▶ Framleiðandi tekur enga ábyrgð á skemmdum sem verða á rúmi eða rafgeymi af eftirtöldum orsökum:
 - o Ef fyrimælum framleiðandans sem koma fram í notkunarleiðbeiningunum er ekki fylgt.
 - o Vegna notkunar á rafgeymi sem er ekki samþykktur af framleiðanda.
 - o Þjónustuaðili sem skiptir um rafgeymi hefur ekki til þess tilgreinda þekkingu.

Til að hlaða rafgeyminn:

- ▶ Setjið rúmið í samband við rafmagn og athugið gula LED-ljósið á stjórnborði umönnunaraðila með hliðsjón af eftirfarandi tölflu.

ATHUGIÐ: Ákveðnar stillingar rúmsins eru ekki mögulegar án rafgeymis, til dæmis að stilla hæð rúms með þyngd yfir 200 kg.

- ▶ Gula LED-ljósið á stjórnborði umönnunaraðila sýnir hleðslu og afköst rafgeymisins.

LED-ljósíð sýnir hleðslustöðu rafgeymisins:

Gult ljós	Hleðslustaða rafgeymis
Lýsir ekki	Næg hleðsla á rafgeymi (hleðslu lokið)
Blikkar í stuttan tíma (lýsir stutt með hléi á milli) (u.þ.b. 1,8 sek.)	Rafgeymir hleður - haldið áfram að hlaða þar til LED-ljósíð slokknar. Hægt er að nota rafgeyminn í neyðartilvikum sem varaafgjafa í stuttan tíma. Ef LED-ljósíð blikkar enn eftir 12 klukkustunda hleðslu eða hættir að blikka án þess að hægt sé að stilla rúmið er rafgeymirinn bilaður eða gallaður. Hafið samband við framleiðanda.
Blikkar lengi (lýsir lengi) (u.þ.b. 0,2 sek.)	Lítill hleðsla á rafgeymi - ekki er hægt að nota rafgeymi sem neyðarafgjafa, jafnvel í styttri tíma; rafgeymirinn er alveg afhlaðinn eða bilaður (ef þetta merki er viðvarandi verður að skipta um rafgeyminn - þjónustuaðgerð).
Lýsir lengi með hléi á milli í nokkrar klukkustundir (u.þ.b. 10 klukkustundir) þegar rúmið er tengt við rafmagn.	Rafgeymir er ekki til staðar eða bilun (rafgeymir er ekki rétt tengdur, snúra frá afgjafa til rafgeymis er slitin eða bræðivör rafgeymisins eru í ólagi); ef þetta merki kemur fram skal hafa samband við þjónustudeild framleiðanda.

Til að viðhalda sem bestri starfsemi rafgeymis:

- ▶ Takið rúmið ekki úr sambandi við rafmagn nema það sé alveg nauðsynlegt.

Ef rafgeymishlífin eða stjórnhlutinn hefur aflagast vegna hita

- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Takið rúmið úr notkun (sjá „Rúmið tekið úr notkun“).
- ▶ Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.

11.1 Staðan „Rafgeymir er ekki í lagi“

Rafgeymirinn er bilaður ef a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum á við:

- ▶ Rafgeymir hleður stöðugt
- ▶ Lág spenna á rafgeymi
- ▶ Hleðslustrumur rafgeymisins er lágur

Staðan „Rafgeymir er ekki í lagi“ er sýnd með eftirfarandi hætti:

- ▶ Lýsir gaumljós rafgeymis stöðugt.
- ▶ Hægt er að afturkalla stöðuna „Rafgeymir er ekki í lagi“ með því að ýta á hnappinn „STOP“.
- ▶ Gögn um stöðu rafgeymis eru vistuð í Linis-kerfið og skrifuð í „Blackbox“.

11.2 Staðan „Rafgeymir afhlaðinn“

Rafgeymirinn er afhlaðinn ef eftirfarandi skilyrði á við:

- ▶ Skilgreind spennuminnkun háð afhleðslustrámi

Staðan „Rafgeymir afhlaðinn“ er sýnd með eftirfarandi hætti:

- ▶ Staðan er gefin til kynna með því að gaumljós rafgeymisins blikkar hratt.
- ▶ Eina mögulega rafknúna stillingin er stilling fyrir endurlfgun.
- ▶ Þessi staða er sjálfkrafa afturkölluð þegar rúmið fer í hvíldarstillingu.

11.3 Rúmið tekið úr notkun

Hvernig taka skal rúmið úr notkun:

- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Takið jarðtenginguna úr sambandi.
- ▶ Gerið rafgeyminn óvirkan (sjá „Rafgeymir gerður óvirkur“).
- ▶ Fjarlægjið aukabúnað.

Til að koma í veg fyrir skemmdir við geymslu:

- ▶ Pakkið inn eða breiðið yfir rúmo' og aukabúnaðinn.
- ▶ Gætið þess að aðstæður við geymslu séu sambærilegar aðstæðum við notkun.

11.4 Rafgeymir gerður óvirkur

Til að forðast skemmdir á rúminu og hlutum í umhverfinu við geymslu:

- ▶ Gerið rafgeyminn á stjórnborði umönnunaraðila óvirkan.

Til að gera rafgeyminn óvirkan á stjórnborði umönnunaraðila skal gera eftirfarandi:

- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Takið jarðtenginguna úr sambandi.
- ▶ Kveikið á lyklaborðinu með því að ýta á virkjunarhnappinn á stjórnborði umönnunaraðila.
- ▶ Haldið samtímis inni hnappi sem lyftir undir stuðning undir lærum, hnappi sem færir stuðning undir lærum niður, og hnappi fyrir Trendelenburg-legu í þrjár sekúndur.
- ▶ Rafgeymirinn hefur nú verið gerður óvirkur.

ATHUGIÐ: Prófið nokkrar aðgerðir til að sannreyna að rafgeymir hafi verið gerður óvirkur.

Gerðu eftirfarandi til að virkja aftur rafgeyminn:

- ▶ Setjið rúmið í samband við rafmagn.

12 Meðhöndlun



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar rúmið er stillt!

- ▶ Gætið þess að engir líkamshlutar séu á milli íhluta stoðgrindar dýnnar og stoðgrindar dýnnar þegar rúmið er stillt.
- ▶ Gætið þess að engir líkamshlutar liggi fyrir neðan stoðgrind dýnnar áður en rúmið er stillt.
- ▶ Festið alla hluti sem eru á rúminu eða fjarlægjið þá.

Rúminu er stjórnað með mismunandi stjórnbúnaði.

Stjórnbúnaður:

- ▶ Stjórnborð umönnunaraðila
- ▶ Fjarstýring


Þegar einstakar aðgerðir eru gerðar óvirkar á stjórnborði umönnunaraðila hefur slíkt áhrif á allan stjórnbúnað.

Ef rúmið bregst ekki við tilteknum stöðustillingum:

- ▶ Athugið hvort aðgerðin er óvirk á stjórnborði umönnunaraðila.

12.1 Stjórnborð umönnunaraðila

Stjórnborð umönnunaraðila er aðalstjórnborð rúmsins. Hægt er að setja stjórnborð umönnunaraðila í hilluna. Ráðlagt er að setja stjórnborð umönnunaraðila á höfðagaflinn eða fótagaflinn, einnig er hægt að halda á því meðan rúminu er stjórnað.



Mynd Stjórnborð umönnunaraðila

1. Gaumljós fyrir læsingu
2. Láshnappar fyrir sértæka eiginleika
3. Hnappar fyrir stillingar stuðnings undir lærum
4. Hnappar fyrir stillingar bakstoðar
5. Hnappar til að stilla hæð rúms
6. Hnappar til að lyfta samtímis undir baki og lærum (hreyfing á stuðningi undir baki og lærum á sama tíma)
7. Stöðvunarhnappur
8. Hallahnappur fyrir Trendelenburg-legu (eingöngu halli á stoðgrind dýnu)
9. Hallahnappur fyrir öfuga Trendelenburg-legu (eingöngu halli á stoðgrind dýnu)
10. Hnappur fyrir skoðunarstöðu
11. Hnappur fyrir lægstu stöðu
12. Hnappur fyrir endurlífgunarstöðu
13. Neyðarhnappur fyrir Trendelenburg-legu
14. Hnappur fyrir sitjandi hjartastöðu
15. Hnappur til að auðvelda hreyfingu
16. LED-ljós fyrir hleðslustöðu rafgeymis (aðeins fyrir rúm með vararafgeymi)
17. LED-ljós sem sýnir að rúmið er í sambandi við rafmagn
18. Virkjar GO-hnappur
19. Stjórnhnappar fyrir ljós á rúmi (KVEIKT/SLÖKKT)

ATHUGIÐ: Ef rúmið er ekki með stýringu fyrir ljós á rúmi er hnappurinn **19** ekki á stjórnborðinu.

Til að stilla stöður:

- ▶ Kveikið á lyklaborðinu með því að ýta á virkjunarhnappinn.
- ▶ Haldið viðkomandi hnappi inni þar til æskilegri stöðu hefur verið náð.

12.1.1 Stöðvunarhnappur

Stöðvunarhnappurinn (7) stöðvar samstundis allar hreyfingar rúmsins.

Þegar ýtt er á stöðvunarhnappinn (7) í a.m.k. 0,3 sekúndur stöðvast allar rafknúnar hreyfingar rúmsins umsvifalaust.

12.1.2 Virkjar GO-hnapp

Virkjunarhnappurinn (18) virkjar lyklaborð á öllum stjórnbúnaði, en virkjar þó ekki fótstigið.

Virkjunarhnappur er til staðar á ýmsum stjórnbúnaði. Aðgerð virkjunarhnappsins er eins á öllum stjórnbúnaði.

Þegar ýtt hefur verið á virkjunarhnappinn (18) er lyklaborðið virkt í 3 mínútur. Hægt er að stjórna öllum eiginleikum rúmsins nema þeim sem eru læstir.

Þegar ýtt er á aðgerðarhnapp verður lyklaborðið virkt í þrjár mínútur til viðbótar.

Nauðsynlegt er að virkja lyklaborðið aftur ef þrjár mínútur líða án þess að ýtt sé á aðgerðarhnapp.

12.1.3 Aðgerðarhnappar

Með aðgerðarhnöppum 3, 4, 5, 6, 8 og 9 er hægt að stilla stöður rúmsins, t.d. hæð og halla stoðgrindar dýnu, breyta öðrum stillingum stoðgrindar dýnunnar o.s.frv.

ATHUGIÐ: Hægt er að stöðva hreyfingar rúmsins með því að ýta á tvo hnappa samtímis, jafnvel þó þeir séu á sitt hvoru stjórnþæki. Ef hnöppunum er haldið inni lengur en 0,5 sekúndur stöðvast allar hreyfingar rúmsins umsvifalaust.

Til að stilla stöðu:

- ▶ Kveikið á lyklaborðinu með því að ýta á virkjunarhnappinn.
- ▶ Haldið viðkomandi hnappi inni þar til æskilegri stöðu hefur verið náð.

Stilling bakstoðar (4)

Við samfellda stillingu stöðvast bakstoðin sjálfkrafa við 30 gráðu halla. Ef óskað er eftir að stilla bakstoðina frekar er hnappinum sleppt og svo ýtt aftur á hnappinn og honum haldið inni þar til æskilegri stöðu hefur verið náð.

Trendelenburg-lega og öfug Trendelenburg-lega

Rúmið stöðvast í láréttri stöðu (0°) þegar skipt er úr Trendelenburg-legu yfir í öfuga Trendelenburg-legu (eða öfugt). Ýtið einu sinni enn á hnappinn fyrir Trendelenburg-legu eða öfuga Trendelenburg-legu til að halda áfram að halla rúminu.

12.1.4 Láshnappar

Með láshnappi (2) er hægt að gera einstakar aðgerðir á stjórnborði umönnunaraðila óvirkar.

Til að gera aðgerðir óvirkar:

- ▶ Kveikið á lyklaborðinu með því að ýta á virkjunarhnappinn (18).
- ▶ Ýtið á viðkomandi láshnapp.

Viðkomandi LED-ljós blikkar til að sýna að læsing er virk.

ATHUGIÐ: Einstökum aðgerðum er læst á aðalstjórnborðinu, Satellite-stjórnborðinu og fjarstýringunni.

Til að virkja aftur aðgerðir sem gerðar voru óvirkar:

- ▶ Kveikið á lyklaborðinu með því að ýta á virkjunarhnappinn.
- ▶ Ýtið á viðkomandi láshnapp.

Það slökknar á viðkomandi LED-ljósi. Nú er aðgerðin orðin virk á ný.

12.1.5 LED-ljós sem sýnir tengingu við rafmagn

Staða	Merking
kveikt LED-ljós	tengt við rafveitu
slökkt LED-ljós	úr sambandi við rafmagn
LED-ljós blikkar	kerfsvilla

12.1.6 Stöðuhappar



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum af völdum hluta sem hreyfast!

- ▶ Gætið þess að engir líkamshlutar klemmist milli stoðgrindar dýnnar og hluta sem hreyfast.
- ▶ Gætið þess að ekkert klemmist milli rúmsins og aukabúnaðar (t.d. innrennslisstöng, lyftistöng) þegar stoðgrind dýnu hreyfist til.



VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir vegna hluta sem hreyfast!

- ▶ Gætið þess að engir hlutir (t.d. snúrur) klemmist milli stoðgrindar dýnnar og hluta sem hreyfast.
- ▶ Gætið þess að ekkert klemmist milli rúmsins og aukabúnaðar (t.d. innrennslisstöng, lyftistöng) þegar stoðgrind dýnu hreyfist til.

Meðferðartengdar stöður og öryggisstöður hafa verið stilltar fyrirfram. Þegar rúmið er stillt í ákveðna stöðu hreyfast nokkrir hlutar rúmsins og stoðgrindar dýnnar samtímis.

Fyrirfram stilltar stöður:

- ▶ Sitjandi hjartastaða
- ▶ Trendenburg-lega fyrir neyðartilvik
- ▶ Endurlífgunarstaða
- ▶ Skoðunarstaða
- ▶ Staða til að auðvelda hreyfingu
- ▶ Lægsta staða

Fyrirfram stilltar stöður eru stilltar með eftirfarandi hætti:

- ▶ Kveikið á lykklaborðinu með því að ýta á virkjunarhnappinn.
- ▶ Haldið viðkomandi aðgerðarhnappi inni þar til æskilegri stöðu hefur verið náð.

Sitjandi hjartastaða (15)

Sitjandi hjartastaða hentar sjúklingum með hjartsláttartruflanir og öndunarerfiðleika.

Stillingar þegar hnappi fyrir sitjandi hjartastöðu (15) hefur verið haldið inni:

- ▶ Stuðningur undir kálfum fer í lægstu stöðu, stuðningur undir lærum fer upp (34°).
- ▶ 6 sekúndum eftir að stuðningur undir kálfum og lærum er kominn í ofangreinda stöðu fer bakstoð upp (62°).

Trendenburg-lega fyrir neyðartilvik (8)

Trendenburg-lega fyrir neyðartilvik er notuð til að draga úr áhrifum losts. Stoðgrind dýnu verður flöt. Höfðalagi stoðgrindar dýnu er hallað niður á við.

Endurlífgunarstaða (12)

Endurlífgunarstaða er notuð þegar endurlífga þarf sjúkling í neyð.

Stillingar þegar hnappi fyrir endurlífgun (12) hefur verið haldið inni:

Stoðgrind dýnu fer í lárétta stöðu.

ATHUGIÐ: Sjá „Losun bakstoðar fyrir endurlífgun“ ef þörf er á að ná þessari stöðu fram handvirkt.

Skoðunarstaða (10)

Skoðunarstaða er ætluð til að auka þægindi starfsmanns við skoðun sjúklingsins.

Stillingar þegar hnappi fyrir skoðunarstöðu hefur verið haldið inni:

Stoðgrind dýnu fer í hentuga stöðu fyrir skoðun sjúklings og verður flöt.

Staða til að auðvelda hreyfingu (15)


Staða til að auðvelda hreyfingu hjálpar sjúklingnum að standa upp úr rúminu. Stoðgrind dýnu er í lægstu stöðu og bakstoðin er upprétt.

Lægsta staða (11)

Þegar rúmið er lækkað stöðvast það fyrir ofan lægstu stöðu, stoðgrind dýnunnar stillir sig af í lárétta stöðu og hljóðmerki heyrir. Eftir þessa stillingu heldur lækkunin áfram niður í lægstu stöðu.

12.2 Fjarstýring

Fjarstýring fylgir með sem staðalbúnaður. Hægt er að fá fjarstýringu með og án upplýstra hnappa. Hnappalýsing á fjarstýringu með upplýstum hnöppum er virk þegar rúmið er í sambandi við rafmagn. Aðgerðir eru hinar sömu á báðum gerðum fjarstýringar. Staðsetning fjarstýringar á rúmi fer eftir ástandi sjúklingsins.



1. Hnappur til að stilla stuðning undir lærum
2. LED-ljós fyrir læsingu á stuðningi undir lærum/ bakstoð
3. Hnappur til að stilla bakstoð
4. Virkjar GO-hnapp
5. Hnappur sem lyftir samtímis undir baki og lærum (Auto-Contour)
6. Hnappur til að stilla hæð rúms
7. LED-ljós sem sýnir læsingu á hæðarstillingu
8. Hnappur fyrir vasaljós
9. Vasaljós

Mynd Fjarstýring

Til að kveikja á vasaljósi:

- ▶ Haldið hnappi fyrir vasaljós (8) inni og þá kviknar á vasaljósinu ofan á fjarstýringunni (9).

Stillingar rúms eru framkvæmdar sem hér segir:

- ▶ Kveikið á lykklaborðinu með því að ýta á virkjunarhnappinn.
- ▶ Haldið viðkomandi aðgerðarhnappi inni þar til æskilegri stöðu hefur verið náð.

ATHUGIÐ: Hjúkrunarfólk metur hvort sjúklingi er leyfilegt að stilla rúmið, með hliðsjón af ástandi sjúklingsins.

Ef þörf krefur skal koma í veg fyrir að sjúklingur stilli rúmið með eftirfarandi hætti:

- ▶ Slökkva á aðgerðum.
- ▶ Takið fjarstýringuna úr sambandi (ef rúmið er með „Plug and Play“-tengingu).

ATHUGIÐ: Hægt er að tengja fjarstýringuna við annað LINET®-sjúkkrarúm með „Plug and Play“-raufinni.

12.2.1 Venjuleg gerð

Venjuleg gerð er ekki með „Plug and Play“-tengi.

12.2.2 Fjarstýring með „Plug and Play“-tengi (valbúnaður)

„Plug and Play“-tengið gerir notendum kleift að nota fjarstýringuna á hægri eða vinstri hlið rúmsins, allt eftir þörfum starfsfólks eða sjúklingsins.


„Plug and Play“-tengið er á báðum hliðum rúmsins.

Til að tengja fjarstýringuna hinum megin á rúminu:

- ▶ Ef snúra fjarstýringarinnar hefur verið tengd við „Plug and Play“-tengið skal aftengja hana.
- ▶ Lokið „Plug and Play“-tenginu með plasthettu á þessari hlið rúmsins.
- ▶ Tengjið snúru fjarstýringarinnar í „Plug and Play“-tengið hinum megin á rúminu.


12.2.3 Gerð sem þolir þvott

„Plug and Play“-tengið er á enda snúrunnar sem hægt er að tengja á báðum hliðum rúmsins.



Mynd Fjarstýring og „Plug and Play“-tengi

1. Fjarstýring
2. Snúrufesting
3. „Plug and Play“-tengi






Mynd Fjarstýring og „Plug and Play“-tengi

1. Fjarstýring
2. Klemmur fyrir snúru
3. „Plug and Play“-tengi


Til að tengja fjarstýringuna hinum megin á rúminu:

- ▶ Ef „Plug and Play“-tenginu er rennt inn í festinguna á hlið rúmsins skal snúa því til hægri og fjarlægja það.
- ▶ Togið snúruna með fjarstýringunni á milli hluta stoðgrindar dýnunnar í átt að snúruklemmuni.
- ▶ Takið snúruna úr snúruklemmuni og festið hana í snúruklemmuni hinum megin á rúminu.
- ▶ Togið snúruna með fjarstýringunni á milli hluta stoðgrindar dýnunnar í átt að hliðarfestingunni hinum megin á rúminu.


Togað í snúruna með fjarstýringunni á milli hluta stoðgrindar dýnnunnar



► Stingið „Plug and Play“-tenginu inn í málmfestinguna og festið það með því að snúa til vinstri.



Mynd „Plug and Play“-tengið fest í hliðarfestingu



Mynd „Plug and Play“-tengið losað úr hliðarfestingu

12.3 Losun bakstoðar fyrir endurlífgun




VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar bakstoð er lækkuð of hratt!

- ▶ Gætið þess að fellanlegar hliðargrindur séu í neðstu stöðu eða tryggið að útdraganlegar hliðargrindur séu í hæstu stöðu.
- ▶ Gætið þess að engir líkamshlutar séu á milli hliðargrinda og bakstoðar.
- ▶ Notið eingöngu handfangið á dýnuvörninni eða hliðargrindina til að ýta bakstoð niður.

Hægt er að lækka bakstoðina hratt með vélrænum hætti þegar þörf er á neyðaraðgerðum til endurlífgunar.




Mynd Staðsetning stjórnstangar fyrir endurlífgunarstillingu (gerð með útdraganlegum hliðargrindum)

Til að stilla stöðuna fyrir endurlífgun:

- Togið og haldið í losunarstöng bakstoðar fyrir endurlífgun og ýtið samtímis bakstoðinni niður með handfanginu á dýnunni.

ATHUGIÐ: Í einhverjum tilvikum (t.d. þegar rúmið er í Trendelenburg-legu fyrir neyðartilvik án tengingar við rafmagn) er hægt að nota stöngina fyrir endurlífgun til að hækka bakstoðina.



Mynd Staðsetning stjórnstangar fyrir endurlífgunarstillingu (gerð með fellanlegum hliðargrindum)

Til að stilla stöðuna fyrir endurlífgun:

- Togið og haldið í losunarstöng bakstoðar fyrir endurlífgun og ýtið samtímis bakstoðinni niður með handfanginu á dýnunni.

ATHUGIÐ: Í einhverjum tilvikum (t.d. þegar rúmið er í Trendelenburg-legu fyrir neyðartilvik án tengingar við rafmagn) er hægt að nota stöngina fyrir endurlífgun til að hækka bakstoðina.

12.4 Hliðargrindur



VIÐVÖRUN!

Hætta á því að kremjast!

- ▶ Gætið þess að engir hlutir eða líkamshlutar klemmist milli hliðargrinda og stoðgrindar dýnu þegar hliðargrindur eru settar upp og niður.
- ▶ Gætið þess að engir líkamshlutar eða aðrir hlutir liggja undir hliðargrindunum þegar þær eru settar niður.
- ▶ Nauðsynlegt er að gæta sérstakrar varúðar og aðgæslu þegar hliðargrindum er læst í efstu stöðu. Starfsfólk skal ganga úr skugga um að hliðargrindur séu læstar í efstu stöðu með því að ýta hliðargrindinni í átt að höfða- og fótalagi rúmsins. Ef hliðargrindinni hefur ekki verið tryggilega læst er hættu á að hún falli sjálfkrafa niður og valdi meiðslum hjá sjúklingum, starfsfólki eða öðrum.

12.4.1 Útdraganlegar hliðargrindur



VIÐVÖRUN!


Starfsfólk ber ábyrgð á að læsa hliðargrindum í efstu stöðu þegar sjúklingur er í rúminu eða við flutning rúmsins.



VIÐVÖRUN!


Starfsfólk sjúkrahúss ber ábyrgð á að meta hvort líkamlegt og andlegt ástand sjúklings sé ásættanlegt fyrir notkun útdraganlegra hliðargrinda í miðjustöðum!

Tvískiptu útdraganlegu hliðargrindurnar eru hluti af rúminu. Ekki er hægt að fjarlægja hliðargrindurnar. Hægt er að setja útdraganlegu hliðargrindurnar í lægstu stöðu, hæstu stöðu og tvær miðjustöður. Miðjustöðurnar eru ætlaðar til að auðvelda starfsfólki sjúkrahússins störf sín og auðvelda hreyfingar hjá sjúklingum þar sem við á.



Mynd Lýsing á útdraganlegum hliðargrindum

1. Losunarbúnaður hliðargrindar (með rauðum hnapp)
2. Lásbraut (með gulri læsingu)





Mynd Hnappar á losunarbúnaði hliðargrindar

Til að setja hliðargrindina upp eða niður:

- ▶ Haldið í losunarbúnaðinn og ýtið á rauðu hnappana við efri endana á útdraganlegu hliðargrindunum.
- ▶ Setjið útdraganlegu hliðargrindina upp eða fellið hana niður í æskilega stöðu.

Hliðargrindin smellur á sinn stað og læsist sjálfkrafa.

Örvar á myndunum hér fyrir neðan sýna staðsetningar gulu læsinganna miðað við staðsetningu útdraganlegu hliðargrindarinnar.



Mynd Stöður útdraganlegra hliðargrinda

12.4.2 Fellanlegar hliðargrindur (3/4 hliðargrindur)



VIÐVÖRUN!


Starfsfólk ber ábyrgð á að læsa hliðargrindum í efstu stöðu þegar sjúklingur er í rúminu eða við flutning rúmsins.



VIÐVÖRUN!


Gætið þess að engir hlutir eða líkamshlutar klemmist milli þversláanna þegar hliðargrindur eru settar upp eða niður.

Fellanlegar hliðargrindur eru á báðum hliðum rúmsins. Fellanlegu hliðargrindurnar eru innbyggðar í rúmið. Þær komast í snertingu við sjúklinginn og ekki er hægt að fjarlægja þær.



Mynd Fellanleg hliðargrind (3/4 hliðargrind)

- 1. Losunarbúnaður
- 2. Þverslár hliðargrindar
- 3. Stoppari á hliðargrind



Mynd Losunarbúnaður (innri hlið fellanlegrar hliðargrindar)

Til að fella niður hliðargrind:

- ▶ Grípið um losunarbúnaðinn og ýtið hliðargrindinni í átt að höfðalagi (1).
- ▶ Ýtið á hnappinn á innri hlið hliðargrindarinnar (2) til að taka hana úr lás.
- ▶ Fellið hliðargrindina niður eins og þörf krefur (3).

Ekki láta hliðargrindina falla niður þegar búið er að losa hana!

Til að setja hliðargrind upp:

- ▶ Takið í efri brún hliðargrindarinnar og ýtið henni upp.

Hliðargrindin smellur á sinn stað og læsist sjálfkrafa.

- ▶ Athugið hvort hliðargrindin er föst á sínum stað.

12.5 Vélræn framlenging rúms




VIÐVÖRUN!

Hætta á að festast á milli fótagafls og neðri hliðargrindar ef framlenging rúms er notuð með röngum hætti!

- ▶ Leggið neðri hliðargrindina niður til að forðast að festast á milli fótagafls og neðri hliðargrindar þegar fyrsta eða önnur framlengingarstaða er stillt!

Mögulegt er að stilla og festa þrjár framlengingarstöður fyrir stoðgrind dýnnunnar.

Notið að minnsta kosti eitt handfang fyrir framlengingu rúms sem staðsett eru á neðri hluta fótagaflsins til að stilla framlengingarstöðurnar.



Mynd Framlenging rúms


12.5.1 Stilling á framlengingu rúms

Gerðið eftirfarandi til að lengja rúmið:

- ▶ Togið framlengingarhandfang rúmsins að ykkur og hafið það áfram í þeirri stöðu.
- ▶ Lengið rúmið með því að toga fótagaflinn að ykkur.
- ▶ Ýtið fótagaflinum til að festa hann í æskilegri framlengingarstöðu (þrjár valkostir).
- ▶ Hreyfið fótagaflinn inn og út til að ganga úr skugga um að hann sé fastur.

Gerðið eftirfarandi til að stytta rúmið:

- ▶ Togið framlengingarhandfang rúmsins að ykkur og hafið það áfram í þeirri stöðu.
- ▶ Styttið rúmið með því að ýta fótagaflinum til baka í æskilega stöðu.
- ▶ Hreyfið fótagaflinn inn og út til að ganga úr skugga um að hann sé fastur.



Mynd Fótaendi með handföngum fyrir framlengingu rúms

12.6 Framlenging fyrir kálfa (aukabúnaður)





VARÚÐ!

Hætta á efnislegum skemmdum vegna rangrar notkunar!

- ▶ Forðist að setja of mikið álag á víra framlengingarog ekki taka með afli í vírana haldararnir á framlengingu eru togaðir út eða þeim ýtt aftur í upphafsstöðu.
- ▶ Forðist að setja of mikið álag á víra framlengingar og ekki taka með afli í vírana þegar þeir eru úti.
- ▶ Gætið þess að vírar framlengingarinnar rekist ekki í hlíf stjórtækis eða í innrennslisstandinn, ef einn slíkur hefur verið settur á rúmið.

Framlenging fyrir kálfa lengir undirlagið fyrir dýnu um 20 cm til að hægt sé að nota 220 cm langa dýnu í rúmi á mynd 3. Einnig má nota 200 cm langa dýnu ásamt 20 cm langri dýnuframlengingu. Nauðsynlegt er að stilla framlengingur á rúmi áður en framlenging fyrir kálfa er stillt. Vírar framlengingar geta borið 75 kg þegar framlenging er úti.



Mynd Stilling á höldum framlengingar

12.6.1 Stilling á framlengingu fyrir kálfa

Til að stilla framlengingu fyrir kálfa:

- ▶ Stillið framlengingu rúmsins í stöðu tvö.
- ▶ Togið báða haldara framlengingar út í lengstu stöðu.

Nú er undirlag dýnunnar tilbúið til notkunar með 220 cm langri dýnu eða með 200 cm langri dýnu ásamt 20 cm langri dýnuframlengingu.

Til að undirbúa rúm á mynd 3ið fyrir notkun með 200 cm langri dýnu:

- ▶ Ýtið framlengingu fyrir kálfa aftur inn í upphafsstöðu þeirra.
- ▶ Stillið framlengingu rúms eins og þarf.

12.7 Hjólastýring og flutningur rúms



VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir vegna rangs flutnings eða hreyfinga fyrir slysn!

- ▶ Gætið þess að læsa hjólunum áður en hlutar rúms eru settir saman, teknir sundur eða unnið að viðhaldi þeirra.
- ▶ Gætið þess að hjólin séu læst þegar sjúklingur er í rúminu og/eða ekki er verið að flytja rúmið til.
- ▶ Gætið þess að taka rúmið úr sambandi við rafmagn áður en það er flutt.
- ▶ Hengið rafmagnssnúruna á meðfylgjandi krók fyrir flutning.
- ▶ Rúmið skal aðeins flutt til af hjúkrunarfólki eða þjálfuðum starfsmönnum.




VARÚÐ!

Skemmdir á rúminu vegna rangrar notkunar!

- ▶ Notið 125 mm hjól aðeins á flötu, jöfnu og samfelldu yfirborði.

12.7.1 Rúm með stjórnstöngum fyrir hjól

Stjórnstangirnar fyrir hjól eru á báðum hliðum fótalagsins.



Hjólastýring:

1. Hreyfing fram á við: Hjól stöðvast. Rúmið hreyfist beint áfram. Ef rúmið er með fimmta hjólið stjórnar það hjól akstursstefnunnar.
2. Óheft hreyfing: Öll hjólin eru ólæst.
3. Hemill á: Bæði hjólin læsast.

Miðlægt hemlakerfi hjóla gerir það að verkum að mögulegt er fyrir einn einstakling að flytja rúmið. Á rúminu er aðalstjórnstöng sem læsir hjólunum fjórum samtímis. Hemlarnir eru við fóthluta undirvagnsins.

Mynd Stöng fyrir miðlægt hemlakerfi hjóla

Gerðir af miðstýrðum hjólum

Hefðbundin: Tvær stjórnstangir, stjórnað á hlið fótalags, ýtt frá hlið fótalags
Valkostir:

- Fjórar stjórnstangir, stjórnað á hlið fótalags, ýtt frá hlið fótalags
- Fjórar stjórnstangir, stjórnað á hlið höfðalags, ýtt frá hlið höfðalags
- Tvær stjórnstangir, stjórnað á hlið fótalags, ýtt frá hlið höfðalags
- Fjórar stjórnstangir, stjórnað á hlið fótalags, ýtt frá hlið höfðalags

Gerð eftirfarandi til að flytja rúmið til:

- ▶ Stíllíð hæð rúmsins a.m.k. 20 cm fyrir neðan hámarkshæð.
- ▶ Notið handföngin á höfðagaflinum eða fótagaflinum til að ýta rúminu.

13 Búnaður

13.1 Grindur aukabúnaður



Mynd Grind aukabúnaðar

Burðargeta:

- ▶ Hámarksburðargeta er 5 kg án vogarafls.
- ▶ Hámarksburðargeta krókapars er 10 kg.

Aukabúnaður til að hengja á grind aukabúnaðar:

- ▶ Festing fyrir slöngur og nálar
- ▶ Festing fyrir þvagpoka
- ▶ Karfa fyrir þvagflösku
- ▶ DIN-stálstöng

13.2 DIN-grind (valbúnaður)

Hægt er að fá hliðargrind með DIN-grind sem ætluð er fyrir aukabúnað sem framleiðandi hefur samþykkt.

13.3 Grænt ljós (valbúnaður)

Grænt ljós gefur til kynna lægstu stöðu stoðgrindar dýnnar. Eftir að ýtt er á virkjunarhnappinn logar græna ljósið á fullum styrk í 3 mínútur í lægstu stöðu stoðgrindar dýnnar.

Þegar virkjunartímabili er lokið (3 mínútur) logar græna ljósið á lægri styrk í lægstu stöðu stoðgrindar dýnnar.

ATHUGIÐ: Græna ljósið logar ekki þegar rúmið er ekki tengt við rafveitu. Þegar rúmið er aðeins knúð af rafgeyminum logar græna ljósið á fullum styrk í 3 mínútur eftir að ýtt er á virkjunarhnappinn, en ljósið logar ekki í öðrum tilvikum.

13.4 Fimmta hjólið

Hægt er að fá rúmið með fimmta hjólinu sem auðveldar stjórnun þess. Ef óskað er eftir fimmta hjóli verður hefðbundnu hjóli til læsingar sleppt á útfærslu rúmsins þar sem fimmta hjólið kemur í staðinn fyrir þann eiginleika. Stjórnstöngin fyrir fimmta hjólið er alveg eins og stjórnstöngin fyrir hemlakerfið. Til að virkja fimmta hjólið er ýtt á fótstigið sem sýnt er á mynd 14, staða 1.



VIÐVÖRUN!

Fimmta hjólið getur orðið fyrir skemmdum þegar ekið er yfir kanta (halli yfir 15%)! Forðist að færa rúmið yfir kanta.



13.5 Hemlahljóðmerki (merki um að hemill hafi ekki verið settur á rúmið)

Hægt er að útbúa Image 3-rúmið með hemlahljóðmerki. Hemlahljóðmerkið þýðir að rúmið er tengt við rafmagn en enginn hemill er á því. Þessi staða er gefin til kynna með hljóðmerki. Til að slökkva á hemlahljóðmerkinu skal setja hemil á rúmið eða taka það úr sambandi við rafmagn.

13.6 USB-tengi (valbúnaður)



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum ef varan er notuð með röngum hætti.

- ▶ Gætið þess að aukabúnaðurinn sem er tengdur við USB-tengið sé í fullkomnu ásigkomulagi! Notandi rúmsins ber ábyrgð á því að þetta sé í lagi.



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum vegna klemmdrar snúru!

- ▶ Gætið þess að efri eða neðri hliðargrindin eða hlutar stoðgrindar dýnunnar klemmi ekki snúru tengda aukabúnaðarins!

Notandi rúmsins ber ábyrgð á því að þetta sé í lagi.



VARÚÐ!

Hætta á efnislegum skemmdum vegna rangrar notkunar!

- ▶ Tryggið að tengdur aukabúnaður geti ekki fallið niður!

Notandi rúmsins ber ábyrgð á því að þetta sé í lagi.



VARÚÐ!


Hætta á efnislegum skemmdum vegna rangrar notkunar!

- ▶ Ekki tengja neinn hitabúnað við USB-tengi!

Notandi rúmsins ber ábyrgð á því að þetta sé í lagi.

USB-tengið á milli neðri og efri hliðargrindar er ætlað til að hlaða farsíma og spjaldtölvur.

ATHUGIÐ: Hámarksstraumur fyrir þetta tæki er 2 A.




Mynd USB-tengi á milli neðri og efri hliðargrindar



Mynd USB-merkimiði með tæknilýsingum rafkerfis

13.7 Línhilla

Línhillan er ætluð til að geyma hluti sem passa í hana (t.d. þvott eða lök).
Vírgrind hjálpar til við að halda sængurfatnaði á línhillunni.
Hægt er að geyma stjórnborð umönnunaraðila á línhillunni.
Línhillan er staðsett við fótalagið undir fótagaflinum.
Hámarksburðargeta línhillunnar er 15 kg.



Mynd Línhilla (við fótalag)

14 Dýna

Framleiðandinn mælir með því að nota dýnur af eftirfarandi gerðum í Image 3-rúminu:

- EffectaCare 10, EffectaCare 20, PrimaCare 10, PrimaCare 20, CliniCare 10, CliniCare 20, CliniCare 30, ViskoMatt 2, ViskoMatt 3 og MicroMatt 7
- Air2Care, CliniCare 100 HF, ProphyCair

15 Aukabúnaður



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum vegna ósamhæfs aukabúnaðar!

- ▶ Aðeins má nota upprunalegan aukabúnað frá framleiðanda.



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum vegna skemmds aukabúnaðar!

- ▶ Notið eingöngu aukabúnað sem er í fullkomnu ásigkomulagi.



WARNING!

Hætta á meiðslum eða efnislegum skemmdum vegna rangrar notkunar!

- ▶ Samhæfanlegir aukahlutir sem eru framleiddir af öðrum eru með sínar eigin notkunarleiðbeiningar. Nauðsynlegt er að lesa notkunarleiðbeiningarnar fyrir samhæfanlegan aukabúnað ásamt notkunarleiðbeiningunum fyrir samhæfanlegu LINET vöruna, til að fara sérstaklega eftir tækniþáttum, aðvörunum, leiðbeiningum fyrir þrif og viðhald á LINET-vörum og samhæfanlegum aukabúnaði þeirra!

ATHUGIÐ: Framleiðandi tekur enga ábyrgð á notkun aukabúnaðar sem ekki hefur verið samþykktur af framleiðanda.

ATHUGIÐ: Allur aukabúnaður er í samræmi við EN 60601-2-52:2010.

Eftirfarandi aukabúnaður hentar til notkunar með Image 3:

- Lyftistöng
 - dufthúðuð
 - krómhúðuð
- Þríhyrningslaga grip, grátt plast
 - fyrir lyftistöng
 - fyrir lyftistöng, stillanlegt
- Festing fyrir vökvainnrennsli
 - fyrir lyftistöng, 3 krókar, dufthúðuð
 - fyrir lyftistöng, 3 krókar, ryðfrítt stál
 - fyrir lyftistöng, 4 krókar, krómhúðuð
- Útdraganleg innrennslisstöng
 - 4 plastkrókar, krómhúðuð
 - 4 plastkrókar, krómhúðuð, S-laga efri hluti, með læsingu til varnar óæskilegum snúningi
 - 4 málmkrókar, krómhúðuð, með læsingu til varnar óæskilegum snúningi
 - 4 málmkrókar, ryðfrítt stál, S-laga efri hluti, með læsingu til varnar óæskilegum snúningi
- Karfa fyrir innrennslisflösku
 - fyrir innrennslisstöng, ryðfrítt stál
- Festing fyrir innrennslisdælu
 - krosslaga, krómhúðuð
- Stöng fyrir ýmis tæki og aukabúnað
 - krómhúðuð
- Festing fyrir þvagpoka
 - sjálfstillandi, dufthúðuð
- Hilla til að skrifa á
 - hvít, fyrir höfða- eða fótagafl úr plasti eða málm
- Festing fyrir nafnspjald
 - úr plasti, fyrir höfða- eða fótagafl úr plasti
- Hólf fyrir sjúkraskrá
 - úr plasti, fyrir höfða- eða fótagafl úr plasti
- SafeSense

ATHUGIÐ: Ítarlegar upplýsingar um SafeSense má finna í notkunarleiðbeiningum með vörunni.

15.1 Lyftistöng

Hægt er að koma lyftistöng fyrir á rúminu. Lyftistöngina má aðeins setja í festinguna við höfðalagið.



Mynd Festing fyrir lyftistöng og innrennslisstöng

Gerðir lyftistanga:

- Lyftistöng fyrir rúm með föstum rúmgafli

Gerðið eftirfarandi til að tryggja örugga notkun lyftistangarinnar:

- ▶ Farið aldrei yfir hámarksburðargetu lyftistangarinnar, 75 kg.
- ▶ Aldrei skal nota lyftistöngina til æfinga við endurhæfingu.
- ▶ Til að koma í veg fyrir að rúmið velti skal gæta þess að lyftistöngin skagi ekki út frá rúminu.
- ▶ Skiptið um plasthandfang samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

Staðsetning lyftistangar:


- Yfir bakstoð (þegar hún er í notkun).
- Samsíða höfðagafli (þegar hún er ekki í notkun).

Til að setja upp lyftistöngina:

- ▶ Setjið lyftistöngina í samsvarandi fóðringar á höfðalagi rúmsins (á hornum).
- ▶ Gætið þess að öryggispinninn sé í læstri stöðu.

Griphandfang úr plasti með stillanlegri ól er fast við lyftistöngina.

ATHUGIÐ: Framleiðsludagsetningin er tilgreind á griphandfanginu.



Mynd Staðsetningar lyftistangar

15.2 Innrennslisstangir



VIÐVÖRUN!


Hætta á meiðslum við notkun á rögum aukabúnaði eða vegna rangrar notkunar!

Eingöngu má nota innrennslisstangir í fyrirhuguðum tilgangi. Lesið ávallt notkunarleiðbeiningarnar!

- ▶ Notið innrennslisstangir aðeins fyrir þann aukabúnað sem tilgreindur er í notkunarleiðbeiningunum.
- ▶ Festið innrennslisdælu eingöngu við lægri (breiðari) hluta útdraganlegrar innrennslisstangar fyrir ofan höfðagafi/fótagafl.
- ▶ Aldrei skal festa innrennslisdælu við efri (mjórri) hluta útdraganlegrar innrennslisstangar.
- ▶ Gætið þess að innrennslisdælan rekist ekki í hreyfanlega hluta rúmsins (sér í lagi bakstoð) eða í sjúklinginn. Gangi verður úr skugga um þetta við uppsetningu.
- ▶ Ekki herða klemmur innrennslisdælnnar of fast við uppsetningu hennar. Ef hert er of fast getur það skemmt innrennslisstöngina.
- ▶ Ekki nota innrennslisstöngina til að aka/ýta rúminu við flutning.

Hægt er að setja innrennslisstangir í festingarnar á höfðalagi og fótalagi rúmsins.

- ▶ Notið eingöngu innrennslisstangir með fjórum krókum til að hengja á innrennslispoka eða annars konar innrennslis.
- ▶ Gætið þess að fara ekki yfir örugga hámarksþyngd sem hver krókur á innrennslisstöng fyrir sig þolir, sem er 2 kg.
 - Burðargeta hvers króks fyrir sig: 2 kg (4,41 pund).
- ▶ Gætið þess að fara ekki yfir örugga hámarksþyngd sem innrennslisstöngin þolir, sem er 20 kg.
 - Heildarhámarksþyngd á innrennslisstöng má ekki fara yfir 20 kg (44,1 pund).



Mynd Staðsetningar innrennslisstangar



Mynd. Innrennslisstöng



Mynd Innrennslisdæla – rétt uppsetning

15.3 Aukakrókar fyrir aukabúnað



VIÐVÖRUN!

Hætta er á skemmdum á rúminu eða meiðslum hjá starfsfólki eða sjúklingum vegna rangrar notkunar!

- ▶ Setjið aukakróka alltaf upp á neðsta hluta útdraganlegrar hliðargrindar!
- ▶ Setjið aukakróka aldrei upp á milli hreyfanlegra hluta útdraganlegrar hliðargrindar!
- ▶ Framleiðandi ráðleggur að setja í mesta lagi tvo króka á hverja hliðargrind!
- ▶ Gætið þess að aukabúnaður sem hengdur er á krókana rekist ekki í rúmið eða sjúklinginn.

Aukakrókar eru hannaðir til að setja upp á útdraganlegum hliðargrindum eða á rúmgaflana. Hægt er að hengja annan aukabúnað á þessa króka. Krókurinn verður að vera settur upp á neðsta hluta útdraganlegrar hliðargrindar.

Burðargeta:

- ▶ Hámarksburðargeta fyrir hvern krók er 5 kg.

Setjið aukakróka upp á útdraganlega hliðargrind með eftirfarandi hætti:

- ▶ Komið króknum fyrir á neðsta hluta hliðargrindarinnar.
- ▶ Tryggið að krókurinn sé rétt uppsettur.

15.4 Festing fyrir súrefniskút



VIÐVÖRUN!

Hætta á að festing fyrir súrefniskút valdi meiðslum ef notkun er með röngum hætti eða ef ekki er farið varlega við flutning!

- ▶ Gætið þess að festingu fyrir súrefniskút sé komið rétt fyrir og á réttum stað.
- ▶ Koma verður festingu fyrir súrefniskút (með eða án súrefniskúts) fyrir áður en rúmið er flutt til, til að tryggja öryggi.
- ▶ Verið vakandi fyrir fólki eða hlutum í næsta nágrenni þegar rúmið er fært eða þegar rúm með áfastri festingu fyrir súrefniskút er hreyft til.
- ▶ Notið gúmmíteygju til að festa súrefniskútinn og koma í veg fyrir að hann falli til jarðar eða hreyfist til fyrir slysi.
- ▶ Komið festingu fyrir súrefniskút fyrir á rúminu samkvæmt leiðbeiningunum hér á eftir.
- ▶ Gætið þess að loki súrefniskútsins verði ekki fyrir skemmdum vegna ógætilegrar eða rangrar notkunar eða staðsetningar.

Festingar fyrir súrefniskúta henta til að flytja súrefniskúta sem eru allt að 15 kg og 5 lítrar.

Komið lárétt festingu fyrir súrefniskút fyrir með eftirfarandi hætti:

- ▶ Staðsetjið festinguna fyrir súrefniskút á skáhluta rúmsins við höfðalagið.
- ▶ Festið festinguna fyrir súrefniskútinn með gúmmíteygjum.
- ▶ Gangið úr skugga um að festingin og kúturinn séu rétt fest.



Mynd Lárétt festing fyrir súrefniskút

15.5 Festing fyrir slöngur og nálar

Festingin er hönnuð til að setja slöngur og nálar í.

Hægt er að staðsetja festinguna fyrir slöngur og nálar á:

- ▶ grind aukabúnaðar
- ▶ neðsta hluta útdraganlegrar hliðargrindar


15.6 Festing fyrir þvagflösku

Festingin er hönnuð til að geyma þvagflösku í virgrindinni. Festingin fyrir þvagflösku verður að vera sett upp á neðsta hluta hliðargrindarinnar.

Staðsetjið festingu fyrir þvagflösku með eftirfarandi hætti:

Á útdraganlegum hliðargrindum

- ▶ Komið festingu fyrir þvagflösku fyrir á króki á neðsta hluta hliðargrindarinnar.



Mynd Festing fyrir þvagflösku með flösku í á króki hliðargrindar

15.7 Festing fyrir Redon-drenflöskur



VIÐVÖRUN!

Hætta er á skemmdum á rúminu eða meiðslum hjá starfsfólki eða sjúklingum vegna rangrar notkunar!

- ▶ Setjið aukakróka alltaf upp á neðsta hluta útdraganlegrar hliðargrindar!
- ▶ Setjið aukakróka aldrei upp á milli hreyfanlegra hluta útdraganlegrar hliðargrindar!
- ▶ Gætið þess að aukabúnaður sem hengdur er á krókana rekist ekki í rúmið eða sjúklinginn.
- ▶ Gætið þess að slangan sé nægilega löng til að drenið fari ekki í sundur þegar sjúklingurinn er hreyfður til.

Festingin fyrir Redon-drenflösku er hönnuð til að halda tveimur Redon-drenflöskum.

Burðargeta:

- ▶ Hámarksburðargeta festingar er 10 kg

Hægt er að staðsetja festinguna fyrir Redon-drenflösku á:

- ▶ neðsta hluta útdraganlegrar hliðargrindar

15.8 Hækkun á hliðargrind – Extender®



VIÐVÖRUN!


Hætta á meiðslum eða árekstrum ef varan er notuð með röngum hætti!

- ▶ Aðeins er hægt að nota Extender®-hækkunina með einfaldri fellanlegri hliðargrind. Framleiðandi ber enga ábyrgð á afleiðingum þess að nota Extender®-hækkunina með öðrum gerðum hliðargrinda.
- ▶ Ef Extender®-hliðargrind er sett upp skal hafa hreyfingar rúmsins í huga.
- ▶ Notkun Extender®-hækkunar með hætti sem samrýmist ekki notkunarleiðbeiningum er á ábyrgð starfsfólks. Framleiðandi ber enga ábyrgð á rangri notkun!


Mælt er með notkun Extender®-hækkunar ef notuð er dýna sem er hærri en ráðlagt er fyrir rúmið. Extender®-hækkun er notuð til að hækka hliðargrindur og auka þannig öryggi sjúklings. Aðeins er hægt að nota Extender®-hækkunina með einfaldri fellanlegri hliðargrind.

Mælt er með að nota Extender®-hækkunina með eftirfarandi dýnum:

- ▶ Óvirk dýna: hærri en 14 cm
- ▶ Virk dýna: hámarkshæð 25 cm




Mynd Extender®-hækkun sett upp á hliðargrind



Mynd Skrúfan sett í



Mynd Extender®-hækkun fest



Mynd Image 3-rúm með uppsettri Extender®-hækkun

Extender®-hækkun er sett upp á eftirfarandi hátt:

- ▶ Setjið Extender®-hækkun á efri brún hliðargrindar. Hliðargrindur verða að vera uppi.
- ▶ Setjið skrúfuna gegnum gatið á Extender®-hækkuninni, frá innri hlið og út. Ferkantaða opið á að snúa að stoðgrind dýnunnar.
- ▶ Festið skrúfuna með plastboltanum og herðið. Boltinn vísar út frá rúminu.
- ▶ Gangið úr skugga um að Extender®-hækkunin sé tryggilega fest.

15.9 Image 3-rúm með Protector®-byltuvarnarbúnaði



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum ef sjúklingurinn dettur úr rúminu!

- ▶ Gætið þess að Protector®-byltuvarnarbúnaðurinn sé tryggilega festur við hlífðarhúsið.
- ▶ Ýtið byltuvarnarbúnaðinum upp án þess að snerta losunarhnappinn til að kanna stöðugleika.
- ▶ Gætið þess ávallt að hliðargrindurnar séu tryggilega læstar.




VIÐVÖRUN!


Hætta á skemmdum á rúminu eða meiðslum hjá sjúklingi!

- ▶ Ekki má festa höfðagaflinn eða fótagaflinn í aukahlífðarhúsin (3).
- ▶ Ekki má nota byltuvarnarbúnað þegar rúmið er notað með framlengingu.
- ▶ Aðeins má nota Protector®-byltuvarnarbúnaðinn með dufthúðuðum höfða-/fótagaflni.

Protector®-byltuvarnarbúnaðurinn er ekki hluti af rúminu. Byltuvarnarbúnaðurinn er valbúnaður fyrir rúmið.



Mynd Lokaður byltuvarnarbúnaður



Mynd Opinn byltuvarnarbúnaður

Setjið byltuvarnarbúnaðinn upp í lokaðri stöðu með eftirfarandi hætti:

- ▶ Setjið stöng byltuvarnarbúnaðarins (2) í hlífðarhúsið nær fótagagi rúmsins (3) þannig að byltuvarnarbúnaðurinn vísi að hliðargrindinni.
- ▶ Öryggispinninn verður að vera læstur á sínum stað.

Setjið byltuvarnarbúnaðinn upp í opinni stöðu með eftirfarandi hætti:

- ▶ Setjið stöng byltuvarnarbúnaðarins (2) í hlífðarhúsið nær fótagagi rúmsins (3) þannig að byltuvarnarbúnaðurinn vísi frá rúminu.
- ▶ Öryggispinninn verður að vera læstur á sínum stað.

Takið byltuvarnarbúnaðinn af með eftirfarandi hætti:

- ▶ Haldið losunarhnappinum (1) inni.
- ▶ Ýtið byltuvarnarbúnaðinum upp.

15.10 SafeSense

Tilgangur:

SafeSense-öryggiskerfið er ætlað til að láta hjúkrunarfólk vita þegar sjúklingur fer úr rúminu eða leggst ekki aftur í rúmið innan áætlaðs tímaramma.

Lýsing:

SafeSense-öryggiskerfið samanstendur af skynjaramottu, skynjarakassa (Bed-Exit box), millistykki fyrir „Plug and Play“ og tengisúrum.

Staðsetning:

Skynjarakassa og millistykki fyrir „Plug and Play“ er komið fyrir á grind aukabúnaðar á hægri hlið rúmsins.

Tengi fyrir bjöllumkerfi er fest á þverslá við höfðalag.

Festa skal skynjaramottu á sætishluta stoðgrindar dýnu. Fylgið notkunarleiðbeiningum fyrir SafeSense-öryggiskerfi.



Mynd SafeSense-öryggiskerfi (skynjaramotta)

16 Þrif/sóttþreinsun



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar unnið er við rúmið!

- ▶ Gætið þess að læsa öllum stillingum áður en hlutar rúms eru settir saman, teknir sundur, þrífir eða unnið að viðhaldi þeirra.
- ▶ Gætið þess að taka rúmið úr sambandi við rafmagn áður en það er þrifið.
- ▶ Gætið sérstakrar varúðar við þrif á hreyfanlegum hlutum eða stjórnbúnaði til að koma í veg fyrir að stjórnbúnaður sé virkjaður í ógáti, sem getur valdið slysum, eða að líkamshlutar klemmist milli hreyfanlegra hluta.
- ▶ Aðeins starfsmaður sem hefur hlotið þjálfun í að stjórna rúminu ætti að sjá um þrif á því.



VIÐVÖRUN!

Hætta á skemmdum á rúminu við notkun rangra hreinsiefna eða aðferða við þrif!

- ▶ Ekki má nota vélar til að þvo rúmið.
- ▶ Ekki má þrifa rúmið með því að úða á það eða gegnbleyta það eða með því að nota háþrýsti- eða gufuhreinsitæki.
- ▶ Val á hreinsiefnum/sóttþreinsiefnum og rétt blöndun þeirra er á ábyrgð starfsmanns sem hefur umsjón með þrifum/sóttþreinsun í samræmi við upplýsingar í þessari handbók.
- ▶ Ekki má nota sýkladrepanði efni eða önnur efni sem gefa frá sér geislaorku ef geislaorkan hefur bein áhrif á rúmið.
- ▶ Fylgið þessum leiðbeiningum og þeim skömmtum hreinsiefna sem framleiðandi ráðleggur.
- ▶ Ef ekki er farið eftir ráðlögðum ferlum er hættu á að rúmið skemmist.
- ▶ **Athugið hvort þau hreinsiefni og sóttþreinsiefni sem eru notuð séu samhæf við efni vörunnar! Frekari upplýsingar má finna í eftirfarandi töflu.**

ÍHLUTIR RÚMS SEM MÁ ÞRIFA	EFNI (YFIRBORÐSFLETIR TILGREINDRA ÍHLUTA RÚMS)	
Þrifið ekki aðra hluti en þá sem eru tilgreindir í þessum dálki!	Hæfur notandi ber ábyrgð á að athuga hvort þau hreinsiefni og sóttþreinsiefni sem eru notuð séu samhæf við tilgreind efni!	
Höfðagafli og fótagafl	úr plasti: Pólýprópýlen (PP) + lakkað stál + akrýlnítrílbútadíenstýren (ABS) + zinkhúðað stál	úr áli með HPL-plötu: Oxað álblendi + lakkað stál + ryðfrítt stál + efni sem límt hefur verið saman undir miklum þrýstingi (HPL) + pólýamíð (PA)
Efri og neðri hliðargrindur	útdraganlegar hliðargrindur: Oxað álblendi + lakkað ál (Al) + akrýlnítrílbútadíenstýren (ABS) + pólýamíð (PA) + pólýprópýlen (PP) + pólýoxýmetýlen (POM) + ryðfrítt stál	einfaldar fellanlegar hliðargrindur (3/4 hliðargrindur): Lakkað stál + pólýamíð (PA) + pólýoxýmetýlen (POM) + akrýlnítrílbútadíenstýren (ABS) + pólývínýlklóríð (PVC)
Hlífar fyrir stoðgrind dýnu (bakstoð)	Pólýprópýlen (PP)	
Sætissvæði	Lakkað stál	
Hjól	Pólýúretan (PUR) + pólýamíð (PA) + pólýprópýlen (PP)	
Stjórnstangir fyrir hjól	Pólýamíð (PA6) + lakkað stál	
Stoðgrind dýnunnar	Pólýamíð (PA) + lakkað stál + ryðfrítt stál	
Undirvagn	Akrýlnítrílbútadíenstýren (ABS) + lakkað stál	
Hornhlífar	Akrýlónítrílbútadíenstýren (ABS)	
Högghlífar á hornum	Pólýprópýlen (PP) + pólýamíð (PA)	
Lyklaborð (stjórnbörð umönnunaraðila, fjarstýring, stjórnbúnaður innbyggður í hliðargrindur)	Akrýlnítrílbútadíenstýren (ABS) + pólýoxýmetýlen (POM) + pólýetýlenterepalat (PET)	
Stjórnstangir fyrir endurlífgunarstillingu	Pólýamíð (PA6)	
Merkimiðar	Pólýetýlenterepalat (PET)	
Grind aukabúnaðar	Pólýoxýmetýlen (POM) + lakkað stál	
Rafhreyfar	Pólýamíð (PA6) + ál (Al)	
Línhilla	Línhilla úr áli: Oxað álblendi + sinkhúðað stál + ryðfrítt stál + akrýlnítrílbútadíenstýren (ABS) pólýamíð (PA)+ pólýoxýmetýlen (POM)	Línhilla úr járn: Lakkað stál + sinkhúðað stál + pólýamíð (PA)

16.1 Öryggisleiðbeiningar fyrir þrif og sótthreinsun á rúmi

Undirbúningur fyrir þrif:

- ▶ Færið rúmið þangað sem þrifin fara fram og setjið það í bremsu.
- ▶ Setjið stoðgrind dýnu í efstu stöðu. Stillið einnig bakstoð og stuðning undir lærum þannig að auðvelt sé að þrifa bakhlið þessara hluta.
- ▶ Læsið öllum stillingum rúmsins til að koma í veg fyrir að hlutar þess færast til og koma um leið í veg fyrir meiðsli.
- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Gangið úr skugga um að öll tengi séu vel fest (stjórnbúnaður, rafhreyfar og stjórneining).

Ráðleggingar við þrif:

- ▶ Notið aðeins hreinsiefni sem henta fyrir lækningatæki.
- ▶ Þynnið hreinsiefnið í samræmi við leiðbeiningar frá framleiðanda viðkomandi hreinsiefnis.
- ▶ Ekki má nota sterkar sýrur eða basa. Ákjósanlegt pH-bil er 6–8.
- ▶ Notið ekki slíþandi efni, stálull, eða önnur efni og hreinsiefni sem gætu valdið skemmdum á yfirborðsflötum rúmsins.
- ▶ Aldrei má nota hreinsiefni sem innihalda leysiefni sem gætu haft áhrif á byggingu og þéttleika plastefna (bensen, tólúen, asetón o.s.frv.).

Þrif:

- ▶ Strjúkið yfir rúmið með rökum og vel undnum klút.
- ▶ Hægt er að úða hreinsiefninu á rúmið eða í klútinn.
- ▶ Hreinsið og sótthreinsið rúmið eins og við á hverju sinni. Hreinsun og sótthreinsun skal taka mið af því hve mikil óhreinindi eru til staðar og því um hvers konar þrif er að ræða (dagleg þrif, þrif milli sjúklinga eða heildarþrif).
- ▶ Hreinsið rafræna hluta rúmsins varlega og aðeins að utanverðu. Við þrif og sótthreinsun má aldrei losa tengi. Gætið þess að raki liggja hvorki lengi né samfellt á rafrænum hlutum og tengjum .
- ▶ Að loknum þrifum eða sótthreinsun skal láta rúmið þorna alveg.
- ▶ Þegar rúmið hefur þornað skal setja dýnuna aftur á stoðgrind dýnnar.
- ▶ Þegar rúmið hefur þornað skal kanna hvort aðgerðir rúmsins virka sem skyldi.

16.2 Almennar leiðbeiningar fyrir þrif og sótthreinsun

16.2.1 Dagleg þrif

Mælt er með að þrifa alla þá hluta rúmsins sem sjúklingur eða starfsfólk snertir (t.d. hliðargrindur, höfðagafl og fótagafl, fjarstýringu, lyftistöng o.s.frv.) og öll handföng, stjórnbúnað og grindur aukabúnaðar.

16.2.2 Þrif milli sjúklinga

Mælt er með að þrifa vel og sótthreinsa alla þá hluta rúmsins sem sjúklingur eða starfsfólk snertir (sjá dagleg þrif), stoðgrind dýnu, súlur, hlífur á undirvagni og dýnu.

16.2.3 Heildarþrif / þrif fyrir fyrstu notkun

Mælt er með heildarþrifum á rúminu fyrir fyrstu notkun og á að minnsta kosti 4–8 vikna fresti eftir það.

16.2.4 Vökvi sem hellist niður þurrkaður upp

Þurrka skal upp vökva sem hellist niður eins fljótt og hægt er. Alltaf skal taka rúmið úr sambandi áður en vökvi er þurrkaður upp. Ákveðnir vökvar sem notaðir eru á sjúkrahúsum kunna að valda varanlegum blettum.

16.2.5 Skemmdir á svampdýnu

Skoða skal dýnuna reglulega og leita eftir sprungum, götum eða rifum sem geta veikt vörn dýnuhlífarinnar gegn óhreinindum, vökva eða sýklum. Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda ef verulegar skemmdir eru á dýnuhlífinni.

16.3 Aðferðir við þrif og sótthreinsun



VARÚÐ!

Hætta á skemmdum á rúminu við notkun rangra hreinsiefna!

► Farið ávallt eftir leiðbeiningum frá framleiðanda viðkomandi hreinsiefna um val og þynningu. Sjá töflu yfir efni hér fyrir neðan.

Hluti rúms – Image 3	Dagleg þrif og sótthreinsun	Þrif og sótthreinsun milli sjúklinga	Heildarþrif og -sótthreinsun
Útdraganlegar hliðar-grindur (límmiðar)	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Fellanlegar hliðar-grindur (límmiðar)	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Höfðagafl og fótagafl (límmiðar)	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Stjórtæki (snúrur)	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Hlífar fyrir stoðgrind dýnu	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Hlíf á undirvagni	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Högghlíf á hornum	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Rafmagnssnúra	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Grind undirvagns	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Hjól	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Rafhreyfar	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>

16.4 Vélarþvottur



VIÐVÖRUN!

Hætta á efnisskemmdum á rúminu eða hlutum þess vegna þess að leiðbeiningum um vélarþvott er ekki fylgt!

- Fylgið ávallt leiðbeiningum framleiðanda um vélarþvott til að tryggja hámarksendingartíma og virkni rúms sem hannað er til að þola vélarþvott. Annars getur rúmið orðið fyrir miklum skemmdum.
- Ef leiðbeiningunum er ekki fylgt getur það leitt til þess að ábyrgð falli úr gildi.
- Ekki má nota sterkar sýrur eða basa. Ákjósanlegt pH-bil er 6–8.
- Aldrei má nota hreinsiefni sem innihalda leysiefni sem gætu haft áhrif á byggingu og þéttleika plastefnanna.
- Notið aldrei stærri skammta af hreinsiefni en framleiðandi tilgreinir.
- Notið aldrei Wap-háþrýstibúnað til að þrifa rúmið.
- Ekki má kæla rúmið með köldu vatni.



VIÐVÖRUN!

Efnislegar skemmdir geta orðið á aukabúnaði vegna rangrar meðhöndlunar í þvottavél!

- Eingöngu má þvo þann aukabúnað sem ætlaður er fyrir vélarþvott með þeim hætti.



VARÚÐ!


Hætta á skemmdum á aukabúnaði ef hann er þveginn með vél!

- Ekki má þvo aukabúnað með vél.
- Eini aukabúnaðurinn sem má þvo með vél er lyftistöngin og innrennslisstöngin.
- Gætið ávallt að því að aukabúnaðurinn sem má þvo með vél rekist ekki í vélina eða hindri vinnuferli hennar.

Ef rúmið er hannað fyrir vélarþvott er þetta tákni til staðar á grindinni undir fótagaflinum. Það er einnig merkt með **1AMW** á merki-miðanum með raðnúmerinu (sem er að finna á grind dýnnar).

16.4.1 Undirbúningur fyrir þrif

- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Gangið úr skugga um að öll tengi séu rétt tengd á sínum stað.
- ▶ Gangið úr skugga um að „plug&play“-tenginu sé lokað rétt.
- ▶ **Leyfð hreinsiefni:**



Mynd Image 3-rúm sem er hannað fyrir þvott með vél

Pvottalota	Hreinsiefni	Framleiðandi
Hreinsun og sóttgreinsun	Sekumatic FDR	Ecolab
	Neodisher Dekonta AF	Dr. Weigert
Skolun	Sekumatic FKN	Ecolab
	Neodisher TN	Dr. Weigert

- ▶ Ráðlögð stilling rúms fyrir vélarþvott:
 - Hæð stoðgrindar dýnu: u.þ.b. 42 cm frá gólfi
 - Hliðargrindur: í hæstu stöðu
 - Línihilla: dregin út, eins vel og vélin leyfir
 - Framlenging rúms: dregin inn
 - Stoðgrind dýnu: flöt
 - Stjórnborð umönnunaraðila: staðsett á höfðagaflni eða fótagaflni
 - Fjarstýring: staðsett á hliðargrind
 - Rafmagnssnúra: hengd á höfðagafl
 - Aukabúnaður: lyftistöng, innrennslisstöng (sem má þvo með vél)
annar aukabúnaður er ekki hannaður fyrir vélarþvott
- ▶ Komið rúminu fyrir í vélinni.



Mynd Ráðlögð stilling rúms fyrir vélarþvott

16.4.2 Vélarþvottur

Uppfylla verður eftirfarandi skilyrði fyrir vélarþvott:

- Hámarks lengd fyrir vélarþvott: 7 mínútur
- Hámarksþrýstingur þunu fyrir vélarþvott: 5–6 bör
- Hámarkshitastig vatns: 85 °C
- Hámarkshitastig rúms: 70 °C
- Rakastig: 100%
- Hámarkshörkustig vatns: 5 dH

16.4.3 Eftir vélarþvott

- ▶ Þegar vélarþvotti er lokið og áður en rúmið er tekið aftur í notkun skal athuga eftirfarandi atriði:
 - Tryggið að tengi netsnúrunnar sé þurr. Þurrkið það ef þörf krefur.
 - Engin skemmd sést á rafrænum hlutum.
 - Bíðið í 5–6 mínútur þar til hitastig rúmsins lækkar niður í rétt vinnsluhitastig.
 - Prófið nokkrar stillingar rúmsins til að kanna virkni.

ATHUGIÐ: Ráðlagt er að skoða rúmið með tilliti til skemmda eftir hvern vélarþvott (athugið sérstaklega skemmdir á máluðum hlutum). Ef vart verður við slíkar skemmdir skal lagfæra þær með málningu. Þannig er hægt að auka endingartíma rúmsins.

ATHUGIÐ: Þegar vélarþvotti er lokið er mælt með því að setja rúmið í Trendelenburg-legu fyrir neyðartilvik (höfðalagið er lagt niður) til þess að losna við vatn úr öllum hlutum rúmsins.

16.4.4 Image 3-rúm sem þolir þvott með SafeSense




VIÐVÖRUN!


Efnislegar skemmdir vegna vélarþvotts þegar SafeSense er sett upp á rúminu!

- ▶ Fjarlægjið alla hluta SafeSense-öryggiskerfisins af Image 3-rúminu fyrir hvern vélarþvott.
- ▶ Setjið snúrutengið sem liggur frá stjórneiningunni í samband á réttum stað.

Þegar SafeSense-öryggiskerfi hefur verið sett upp á rúmi sem þolir vélarþvott liggja tvær snúrir frá kassanum fyrir eftirlit með því þegar farið er úr rúmi. Fyrsta snúran (1) tengir kassann fyrir eftirlit með því þegar farið er úr rúmi við stjórneiningu Image 3-rúmsins. Önnur snúran, fyrir bjöllukerfi (2) liggur úr kassanum fyrir eftirlit með því þegar farið er úr rúmi og í höfðagafliinn.



Mynd Staðsetningar á snúrum úr kassanum fyrir eftirlit með því þegar farið er úr rúmi (SafeSense á Image 3-rúmi sem þolir vélarþvott)




Mynd Kassi fyrir eftirlit með því þegar farið er úr rúmi tengdur við stjórneiningu Image 3-rúmsins (snúra 1)

SAFESENSE FJARLÆGT AF IMAGE 3-RÚMI SEM ÞOLIR VÉLARÞVOTT

1) Til að aftengja snúruna sem liggur frá stjórneiningunni:


- ▶ Snúið hvorum helmingi svarta tengisins í sína hvora áttina (1).
- ▶ Aftengið helminga svarta tengisins (2).




Mynd Tengisnúra stjórneiningar og kassa fyrir eftirlit með því þegar farið er úr rúmi aftengd

2) Til að setja snúrutengið sem liggur frá stjórneiningunni í örugga stöðu:

- ▶ Stingið svarta tenginu í samband og örugga stöðu (1).
- ▶ Festið svarta tengið með því að snúa (2).




Mynd Snúran sem liggur frá stjórneiningunni sett í örugga stöðu



Mynd Örugg staða snúrunnar sem liggur frá stjórneiningunni

3) Til að aftengja snúru bjöllukerfis sem liggur frá rúminu:

- ▶ Aftengið snúru bjöllukerfisins frá kassanum fyrir eftirlit með því þegar farið er úr rúmi.
- ▶ Takið snúru bjöllukerfisins úr festingunum á stoðgrind dýnunnar.
- ▶ Losið tengið á snúru bjöllukerfisins frá höfðagaflinum.
- ▶ Fjarlægjið snúru bjöllukerfisins af rúminu með því að toga hana varlega út.



Mynd Staðsetning snúru bjöllukerfis á rúminu

4) Til að undirbúa rúm með SafeSense sem þolir þvott fyrir vélarþvott:

- ▶ Takið kassann fyrir eftirlit með því þegar farið er úr rúmi af grind aukabúnaðarins.
- ▶ Fjarlægjið skynjaramottuna af stoðgrind dýnunnar.
- ▶ Gætið þess að snúrunni sem liggur frá stjórneiningunni sé stungið í samband í öruggri stöðu.
- ▶ Tryggið að snúra bjöllukerfisins hafi verið fjarlægð af rúminu.

Á gulum merkimiða sem festur er á snúruna úr stjórneiningunni er að finna stuttar leiðbeiningar um hvernig á að undirbúa rúm með SafeSense sem þolir þvott fyrir vélarþvott.

<p>Before machine cleaning: Remove box, mat & cable. Insert the plug of the Powerbox into the corresponding adapter.</p>		<p>Vor der maschinellen Reinigung: Box, Matte & Kabel entfernen. Stecker der Powerbox in den entsprechenden Adapter einstecken.</p>	
---	---	--	---

Mynd Merkimiði með leiðbeiningum um undirbúning rúms sem má þvo fyrir vélarþvott

17 Úrræðaleit



HÆTTA!

Lífshætta vegna raflosts!

- ▶ Ef bilun verður í rafhreyfi, stjórneiningu eða öðrum rafbúnaði skulu einungis viðurkenndir þjónustuaðilar annast viðgerðir.
- ▶ Ekki opna hlífarnar á rafhreyfum eða stjórneiningunni.

Villa/vandamál	Orsök	Lausn
Stillingar rúms með stöðuhnöppum virka ekki	Ekki var ýtt á virkjunarhnappinn	Ýtið á virkjunarhnappinn.
	Aðgerð gerð óvirk á stjórnborði umönnunaraðila	Virkið aðgerðina sem var gerð óvirk ef þörf krefur.
	Ekkert afl í rafhreyfum Gallaðir rafhreyfar Gallaður rafgeymir	Athugið rafmagnstenginguna. Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
	Rafmagnskló hefur ekki verið sett í samband með réttum hætti	Setjið rafmagnskló í samband með réttum hætti.
	Biluð stjórneining	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
	Bilun í stjórnþúnaði	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
Stilling til að breyta hæð/halla á gallaðri stoðgrind dýnu	Hindrun á hlíf undirvagns	Fjarlægjið hlutinn.
	Aðgerð gerð óvirk á stjórnborði umönnunaraðila	Virkið aðgerðina sem var gerð óvirk.
	Ekkert afl í rafhreyfum Gallaðir rafhreyfar Gallaður rafgeymir	Athugið rafmagnstenginguna. Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
	Rafmagnskló hefur ekki verið sett í samband með réttum hætti	Setjið rafmagnskló í samband með réttum hætti.
	Biluð stjórneining	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
	Bilun í stjórnþúnaði	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
Ekki er hægt að lækka bakstoð úr uppréttri stöðu	Hindrun undir bakstoðinni eða í drifþúnaði	Fjarlægjið fyrirstöðuna
	Bilun í losunarhandfangi	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
Ekki er hægt að stilla hliðargrindur	Óhreinindi í læsingu hliðargrindar	Hreinsið læsiþúnaðinn.
	Bilun í losunarhandfangi	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
Hemlabilun	Óhreinindi á hemlum	Hreinsið hemlakerfið.
	Hemlabúnaður er bilaður	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
Ekki er hægt að setja höfða- eða fótagafl í festingarnar	Höfða- eða fótagaflinn er í rangri stöðu	Athugið læsingarbúnaðinn. Komið höfða- eða fótagaflinum rétt fyrir.
	Gallaður búnaður	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.

18 Viðhald



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar unnið er við rúmið!

- ▶ Gætið þess að taka rúmið úr sambandi við rafmagn áður en það er sett upp, tekið í notkun, við viðhaldsvinnu og þegar það er tekið úr notkun.
- ▶ Gætið þess að hjólin séu læst áður en uppsetning fer fram, þegar rúmið er tekið í notkun, við viðhaldsvinnu og þegar rúmið er tekið úr notkun.



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum vegna bilunar í rúmi!

- ▶ Lagfæra verður skemmt rúm umsvifalaust.
- ▶ Ekki skal nota rúmið ef ekki er hægt að lagfæra bilunina.



VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir af völdum rangs viðhalds!

- ▶ Gætið þess að viðhald sé einungis í höndum þjónustudeildar framleiðanda eða framkvæmt af viðurkenndum þjónustuaðila sem vottaður er af framleiðanda.
- ▶ Ekki skal nota rúmið ef ekki er hægt að lagfæra bilunina.

LINET © mælir með því að hengja viðgerðaspjald við rúmið.

18.1 Reglulegt viðhald

- ▶ Kannið reglulega slit á hreyfanlegum íhlutum.
- ▶ Framkvæmið reglulega sjónræna athugun á vörunni (ásamt afhendingarseðli ef þörf krefur).
- ▶ Biðjið þjónustudeild framleiðanda um upprunalega íhluti ef tiltekna íhluti vörunnar vantar.
- ▶ Biðjið þjónustudeild framleiðanda um upprunalega íhluti í stað skemmdra íhluta.
- ▶ Gangið úr skugga um að rafgeymirinn starfi rétt. Takið rúmið úr sambandi við rafmagn til að lesa úr merkjum gaumljóss rafgeymis samkvæmt notkunarleiðbeiningum.
- ▶ Látið skipta um rafgeyminn ef svo er ekki.
- ▶ Athugið reglulega hvort allur aukabúnaður starfi rétt.
- ▶ Skiptið umsvifalaust um skemmdan aukabúnað.

18.2 Varahlutir

Merkingu með raðnúmeri er að finna á stoðgrind dýnnunnar. Á merkingunni er að finna upplýsingar fyrir kröfur og pantanir á varahlutum.

Upplýsingar um varahluti eru fáanlegar hjá:

- Þjónustudeild framleiðanda
- Söludeild

18.3 Tæknilegar öryggisprófanir



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum ef tæknilegar öryggisprófanir eru ekki rétt framkvæmdar!

- ▶ Gætið þess að tæknilegar öryggisprófanir séu í höndum þjónustudeildar framleiðanda eða framkvæmdar af viðurkenndum þjónustuaðila sem vottaður er af framleiðanda.
- ▶ Gætið þess að tæknilegar öryggisprófanir séu skráðar í þjónustu- og viðhaldsbók.

Öryggisprófun á sjúkrarúminu ætti að fara fram með a.m.k. 12 mánaða millibili.

Greint er frá reglum um framkvæmd öryggisprófunar í EN 62353:2014.

ATHUGIÐ Framleiðandi útvegar þjónustuaðilum fylgiskjöl samkvæmt beiðni (t.d. rafrásarteikningar, lista yfir íhluti, lýsingar, kvörðunarleiðbeiningar o.s.frv.) til viðgerða á lækningabúnaði sem framleiðandinn telur að þjónustuaðili sé fær um að lagfæra.

18.4 Rúm sem eru hönnuð fyrir vélarþvott

Framleiðandi mælir með því að tæknilegu eftirliti sé sinnt reglulega eftir vélarþvott.


Tæknilegt eftirlit verður að kanna eftirfarandi atriði:


- Virkni stillanlegra aðgerða rúmsins
- Ryð á íhlutum rúmsins
- Stöðu rafgeymisins

Tæknilegt eftirlit verður að fela í sér smurningu á eftirfarandi hlutum:


Staðsetning á rúminu	Nr.	Ráðlögð smurefni	Framleiðandi
Hreyfanlegir hlutar hliðargrindar	1	BIO FLUID	WEICON GmbH & Co. KG
Sleðar línhillunnar	2	BIO FLUID	WEICON GmbH & Co. KG
Framlenging rúms	3	MOL Liton LT 2/3	MOL-LUB
Hreyfanlegir lyftihlutar stoðgrindar dýnunnar	4	MOL Liton LT 2/3	MOL-LUB
Leiðari sleðans	5	MOL Liton LT 2/3	MOL-LUB

18.4.1 Ráðlagðir smurstaðir





5



19 Förgun

19.1 Umhverfisvernd

Fyrirtækið LINET® gerir sér grein fyrir mikilvægi umhverfisverndar fyrir komandi kynslóðir. Innan þessa fyrirtækis er umhverfisstjórnunarkerfinu framfylgt í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 14001. Fyrirtæki með tilskildar heimildir framkvæmir sjálfstæða, árlega úttekt til að tryggja að skilyrði þessa staðals séu uppfyllt. Samkvæmt tilskipun nr. 2002/96/EB (tilskipun **WEEE** - Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur) er fyrirtækið LINET, s. r. o. skráð sem framleiðandi raf- og rafeindabúnaðar (**Seznam výrobců elektrozařízení**) hjá umhverfisráðuneyti Tékklands (Ministerstvo životního prostředí).

Efni sem notuð eru í þessari vöru eru ekki hættuleg umhverfinu. Vörur frá LINET® uppfylla kröfur gildandi löggjafar og Evrópulöggjafar hvað varðar **takmarkanir hættulegra efna (RoHS)** og **REACH**, og innihalda því ekki óleyfileg efni í miklu magni. Engir viðarhlutir eru gerðir úr hitabeltisvið (svo sem mahóní, rósavið, íbenholti, tekk o.s.frv.) eða úr timbri frá Amazon-svæðinu eða slíkum regnskógum. Hljóðstig vöru (hljóðþrýstistig) uppfyllir kröfur um vernd gegn óæskilegum áhrifum vegna hávaða eða titrings á vörðum svæðum innanhúss (samkvæmt IEC staðal 60601-2-52). Umbúðafni er í samræmi við ákvæði laga um umbúðir (**Zákon o obalech**).

Hafið samband við sölufulltrúa eða þjónustuver framleiðanda eftir uppsetningu búnaðar til að fá upplýsingar um förgun umbúðaefna og möguleikann á ókeypiss endursendingu umbúða með viðurkenndu fyrirtæki (frekari upplýsingar er að finna á www.linnet.cz).

19.2 Förgun

Meginmarkmið þessara skylda á grundvelli Evróputilskipunar nr. 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (framfylgt í hverju landi fyrir sig samkvæmt 185/2001 Coll. með áorðnum breytingum. Um úrgang og samkvæmt úrskurði Umhverfisráðuneytisins nr. 352/2005 Coll. með áorðnum breytingum), á að auka endurnotkun, endurnýtingu og nýtingu á raf- og rafeindabúnaði með tilskildum hætti og þar með forðast framleiðslu á úrgangi og þau mögulegu skaðlegu áhrif sem hættulegu efni í raf- og rafeindabúnaði geta haft á heilbrigði manna og umhverfið. LINET® raf- og rafeindabúnaður með innbyggðum rafgeymi eða rafhlöðu er hannaður með þeim hætti að aðeins viðurkenndir tæknimenn frá LINET® geti fjarlægt notaða rafgeyma eða rafhlöður með öruggum hætti. Finna má upplýsingar um þessa gerð á innbyggðu rafhlöðunni eða rafgeyminum.

19.2.1 Innan Evrópu

Hvernig farga á raf- og rafeindabúnaði:

- ▶ Ekki skal farga raf- og rafeindabúnaði með heimilissorpi.
- ▶ Fargið þessum búnaði á móttökustöðvum eða endurvinnslustöðvum.

Hvernig farga á öðrum búnaði:

- ▶ Óheimilt er að farga búnaðinum með heimilissorpi.
- ▶ Fargið þessum búnaði á móttökustöðvum eða endurvinnslustöðvum.

LINET® er í samstarfi við móttökufyrirtækið REMA System (sjá www.remasystem.cz/sberna-mista/).

Með því að skila raf- og rafeindabúnaði á endurvinnslustöðvar getur þú tekið þátt í endurvinnslu og bjargað upprunalegu hráefni á meðan þú verð umhverfi þitt fyrir áhrifum óábyrgrar förgunar.

19.2.2 Utan Evrópu

- ▶ Fargið vörunni og íhlutum hennar samkvæmt gildandi lögum og reglum!
- ▶ Fáid viðurkennt sorphirðufyrirtæki til að farga búnaðinum!

20 Ábyrgð

LINET® ber einungis ábyrgð á öryggi og áreiðanleika vöru ef tryggt er að viðkomandi vara fái reglulegt viðhald og að hún sé aðeins notuð í samræmi við öryggisreglur.

Ef upp kemur alvarleg bilun sem ekki er hægt að gera við:

- ▶ Ekki halda áfram að nota rúmið.

Þessi vara er með 24 mánaða ábyrgð frá og með kaupdegi. Ábyrgðin nær yfir alla efnislega galla og framleiðslugalla. Ábyrgðin nær ekki yfir bilanir sem verða vegna rangrar notkunar og ytri áhrifa. Gert verður við alla galla sem ábyrgðin nær yfir á ábyrgðartímabilinu án endurgjalds. Ef þörf er á þjónustu sem fellur undir ábyrgð ber að framvísa kvittun þar sem fram kemur kaupdagsetning. Hefðbundnir skilmálar gilda.

21 Staðlar og reglugerðir

Hagnýtar reglur er að finna í samræmisýfirlýsingu.

Framleiðandinn fylgir vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem samrýmist eftirfarandi stöðlum:

- ISO 9001
- ISO 14001
- ISO 13485
- MDSAP (áætlun um staka öryggisúttekt lækningatækja)